



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

4. tbl. • 2025 • október



Anna Henriksdóttir TF3VB og Eva XYL Bob Staar, LX1BS í fjarskiptaherbergi TF3IRA 1. ágúst 2025. Ljósmynd: TF3JB.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi.*
- *Sumarleikar ÍRA 2025, úrslit.*
- *TF útileikar ÍRA 2025, úrslit.*
- *DX keppnir í okt.–des. og jan. 2026.*
- *QMX frá QRPLabs.*

EFAST Á BAUGI:

- *Námskeið ÍRA til amatörleyfis, sept.-okt.*
- *Ný fræðsludagskrá ÍRA, október–desember.*
- *Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis 1. nóv.*
- *Aðalfundur ÍRA 15. febrúar 2026.*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF er til 15. jan. '26.*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2025–2026 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Andrés Þórarinnsson	TF3AM
Ritari:	Georg Kulp	TF3GZ
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2025–2026 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2025 og janúar 2026.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs er Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra	3
Frá formanni...	4
Félagsstarfið í júlí til september	7
TF útileikar ÍRA 2025	24
Sumarleikar ÍRA 2025	27
QMX frá QRP Labs	30
ARRL DXCC Trident	36
Stærðfræðihornið	37
Bókahornið	38
ÍRA, starfsárið 2025/26	39
Viðurkenningar radióamatöra	42
Helstu DX keppnir í okt. til jan. 2026	43
Fræðsludagskrá ÍRA sept.—des. 2025	44



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarahlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugla senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað gevinnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Kæru lesendur CQTF;

nú er nokkuð liðið á haustið og fyrsti vetrardagur nálgast, 25. október nk. Að vetrinum er félagsstarfið í mestum blóma og við getum hlakkað til spennandi dagskrár í félagsheimilinu í Skeljanesi. Á baksíðu þessa blaðs er að finna dagskrána fram að áramótum en hún verður að teljast mjög metnaðarfull. Þar er að finna skemmtilega nýjung sem eru tæknidagar á laugardögum kl. 13:30 þar sem Ari Þórólfur, TF1A kynnir ýmis skemmtileg „skúmaskot“ tækninnar. Dagskráin fyrir fyrri hluta nýja ársins verður svo væntanlega kynnt í fyrsta tölublaði CQTF, en stefnt er að því að gefa það út 25. janúar 2026.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu flúðu margir Úkraínumenn land sitt og margir komu alla leið til Íslands. Á meðal þeirra var Alex Senchurov, UT4EK. Hann hélt til baka til heimalandsins í september sl. Þrátt fyrir að innrás Rússa sé ekki lokið og þeir haldi uppi linnulausum árásum á innviði og heimili Úkraínumanna. Hér á landi fékk Alex kallmerkið TF3UT. Hann er afar fær radióamatör, bæði tæknilega og sem „operator“ á morsi og tali. Hann virkjaði félagsstöðina í fjölda keppna og hélt uppi hróðri TF. Gaman er að fara inn á heimasíðu Alex, sem er <https://ut4ek.in.ua>. Hún er að vísu á úkraínsku en auðvelt er að fá þýðingu í flestum vefskoðurum. Þar fer Alex m.a. yfir sögu sína sem radióamatör og ljóst er að hann hefur verið mjög virkur. Á myndinn hér að ofan má sjá Alex uppabúinn í sjakki sínum. Við vinir hans á Íslandi óskum honum alls góðs heima í Úkraínu og vonandi munum við eiga mörg QSO við hann í framtíðinni.



Alex, UT4EK í sjakki sínum.

Sjaldan er ein báran stök. Annar merkur Úkraínu-maður heimsótti Skeljanes 8. október sl. Það var Serhiy Rebrov, UT5UDX. Hann er reyndar oftast kallaður Sergei meðal amatöra. Hann heimsótti Ísland af mun skemmtilegri ástæðu en Alex, Sergei er þjálfari úkraínska landsliðsins í fótbolta sem lék Íslendinga grátt á Laugardalsvelli 10. október, vann með

fimm mörkum gegn þremur. Sergei er ekki bara þekktur keppnismaður í fótbolta, hann er ekki síðri í radióíþróttum og er þekktur „contest-maður“ sem hefur keppt undir kallmerkjum Úkraínu, Englands, Tyrklands, Barbados og Kýpur. Í fótboltanum hefur Sergei keppt fyrir mörg þekkt lið, Shaktar Donetsk, Dynamo Kyiv í Úkraínu, Tottenham Hotspur og West Ham United í Englandi, Fenerbahçe í Tyrklandi og Rubin Kazan í Rússlandi. Eftir að hann hætti sjálfur að spila fótbolta árið 2009 gerðist hann þjálfari og hefur þjálfað í Úkraínu, Sáði Arabíu og Ungverjalandi. Sergei lék með úkraínska landsliðinu um árabíl og var næst markahæsti leikmaður þess þegar hann lagði skóna á hilluna árið 2009 með 15 mörk. Hann hefur þjálfað landslið Úkraínu síðan 2023. Sæli, TF3AO hefur haft mörg sambönd við Sergei og þekkir vel til hans. Hann setti sig í samband við Sergei þegar hann vissi af komu liðsins til Íslands og bauð honum í Skeljanes. Þrátt fyrir stífa dagskrá fyrir landsleikinn þekktist Sergei boðið og heimsótti TF3IRA í Skeljanesi ásamt þeim Sæla, TF3AO og Jóni Gunnari, TF3PPN. Myndin hér að neðan er frá heimsókninni. Nánar má lesa um Sergei á [Wikipediu](https://en.wikipedia.org/wiki/Sergei_Senchurov).



TF3AO, UT5UDX og TF3PPN í stöðinni TF3IRA.

Nú er námskeið til undirbúnings amatörprófs í fullum gangi og hefur gengið vel. Rúmlega 20 þátttakendur eru á námskeiðinu og eru flestir ánægðir og spenntir fyrir að standast prófið sem verður 1. nóvember nk. Mjög skemmtilegar umræður hafa orðið í kennslustundunum sem lýsa miklum áhuga hópsins. Próftakendum er hér með óskað gæfu og gengis í prófinu og við hlökkum til að hitta þá í loftinu þegar leyfi eru komin í höfn.

73 de TF3UA



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB.

Námskeið 2025. Á sólíkum haustmánuðum var námskeið ÍRA til amatörprófs sett í Háskólanum í Reykjavík, mánudaginn 15. september. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA setti námskeiðið kl. 18:30 í stofu M117. Af 26 skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir. Námskeiðinu lýkur 28. október og í framhaldi mun Fjarskiptastofa standa fyrir prófi til amatörleyfis laugardaginn 1. nóvember í HR. Óskir um gott gengi til nemenda á námskeiðinu.



Mynd úr kennslustofu HR við setningu námskeiðs ÍRA til amatörprófs 15. september. Ljósmynd: TF3GZ.

Að þessu sinni var ákveðið að bjóða ekki upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu hafa notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbandsupptökum frá námskeiðinu 2023 – samhliða því að bjóða upp á öll námsgögn. Að þessu sinni nýta fimm aðilar þennan möguleika, m.a. á Egilsstöðum, Seyðisfirði og í Reykjanesbæ. Að þessum aðilum viðbættum, gætum við því átt von á allt að 31 aðila í próf Fjarskiptastofu þann 1. nóvember.

Ástæða er að nefna námskeiðið sérstaklega hér til þess að þakka þeim sem komu að undirbúningi verkefnisins fyrir hönd félagsins. Sérstaklega ber að nefna til þá níu félagsmenn sem annast kennslu, Prófnefnd ÍRA og Háskólann í Reykjavík sem er okkur innan handar með frábæra kennsluáðstöðu í glæsilegum húsakynnum við



Mynd úr kennslustofu HR við setningu námskeiðs ÍRA til amatörprófs 15. september. Ljósmynd: TF3GZ.

Menntaveg í Reykjavík; farsælt samstarf sem verið hefur verið frá árinu 2013. Síðast, en ekki síst, ber að nefna þá Andrés Þórarinnsson, TF1AM varformann ÍRA og Jón Björnsson, TF3PW gjaldkera félagsins, sem hlupu í skarðið sem umsjónarmenn í fjarveru undirritaðs.

Fræðsludagskrá. Ný fræðsludagskrá ÍRA fyrir tímabilið október-deseember 2025 er til kynningar í þessu blaði. Þakkir til þeirra félagsmanna sem þar leggja hönd á plóg og til Andrésar Þórarinnssonar, TF1AM varaformanns sem undirbjó og setti saman dagskrána.

Reyndar byrjaði dagskráin nokkru fyrr, eða 18. september s.l., þegar Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL mætti í Skeljanes og sagði okkur frá bifreiðaferðalagi þeirra hjóna um Evrópu sumarið 2025 á Ford Econoline, bifreið sem var búin fjarskiptabúnaði á amatörböndunum. Eftir erindisflutning var fjarskiptabifreiðin sjálf til sýnis utan við Skeljanes.

Skemmst er að minnst vel heppnaðs erindis TF1OL: „Með stöð og búnað umhverfis jörðina á 75 dögum“ í Skeljanesi 15. maí s.l., en Ólafur og XYL lögðu upp í mikið ferðalag 15. janúar og komu aftur heim 1. apríl. Þau hjón heimsóttu þá Singapore, Ástralíu (Sydney, Brisbane, Tasmania VK7/TF1OL,



TF1AM

TF3AU

TF3HR

TF3KX

TF3UA

TF3DC


TF3NH

TF3Y

TF3HM

Kennarar á námskeiði ÍRA 2025 eru níu talsins

Ólafur Örn
Ólafsson,
TF1OL.
Myndin var
tekin í fyrri
ferð þeirra
hjóna 2025.
Ljósmynd:
TF1OL.



TF3DMR er
staðsettur í
Skeljanesi. Mynd:
TF3GZ.

Melbourne VK3/TF1OL, Adelaide VK5/TF1OL og Perth VK6/TF1OL), Nýja Sjáland (ZL/TF1OL Auckland), Tahiti (FO/TF1OL), Hawaii (KH6/TF1OL) og Bandaríkin (W6/TF1OL).

Sumarleikar. Frá því síðasta tölublað CQ TF kom út, hafa Sumarleikar ÍRA og TF útileikar ÍRA farið fram. Sumarleikarnir voru haldnir 4.-6. júlí og s.l. og var þátttaka mjög góð. Í ár var ákveðið kynna til sögunnar sérstakan „Handstöðvaflokk“. Þessi flokkur var fyrir þá þátttakendur sem ætluðu að taka öll sín sambönd á handstöðvum og þá bara á 2 m og 70 cm + endurvarpa og tóku margir þátt á þessum forsendum. Þakkið til félagsmanna fyrir þátttökuna og sérstakar þakkið til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY umsjónarmanns Sumarleikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald. Sjá nánar frásögn hans frá leikunum aftur í blaðinu.

TF útileikar. Útileikarnir voru haldnir 2.-4. ágúst. Á annan tug félagsmanna tóku þátt og voru stöðvar virkar í öllum landshlutum. Flest sambönd voru á tali (SSB) en einnig á morsi (CW). Leikarnir fóru fram á 160, 80, 60 og 40 metrum. Sérstakar þakkið fær Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana fyrir góða kynningu og utanumhald. Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð frá Skeljanesi, hvorttveggja í Sumarleikunum og TF útileikunum af þeim Sigurði R. Jakobssyni, TF3CW og Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA. Þakkið góðar til þeirra beggja.

Nýr DMR endurvarpi. Nýr DMR endurvarpi ÍRA, TF3DMR varð QRV frá Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:45. QRG: 439,850 MHz (RX) og 434,850 MHz (TX); -5 MHz. Hann tengist í gegnum

“Brandmeister“. Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð: <https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

Félagið þakkar Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola DR 3000 Digital Mobile Radio UHF endurvarpa frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Erik útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti) fyrir tíðnir TF3DMR.

Sérstakar þakkið fá einnig félagsmenn sem komið hafa að því að gera nýja endurvarpann virkan: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Ársæll Óskarsson, TF3AO; Einar Sandoz, TF3ES; Georg Kulp, TF3GZ; Jón Atli Magnússon, TF2AC og Pier Albert Kaspersma, TF1PA.

TF3DMR er staðsettur í Skeljanesi. Mynd: TF3GZ.

Nýr VHF endurvarpi á Þrándarhlíðarfjalli.

Benedikt Guðnason, TF3TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ gerðu góða ferð þann 3. október á Þrándarhlíðarfjall.



TF3TNT

TF3WO

TF3GZ

Tengdur var nýr ICOM VHF endurvarpi og sett upp Kathrein 2-tvípóla VHF loftnet á fjallinu. Kallmerkið er TF5RPG. Tíðnir: 145.775 / 145.175 MHz (TX/RX). Notaður er 88,5 Hz tónn inn. Nýi endurvarpinn er tengdur við Mýrar.

Þrándarhlíðarfjall er innst í Skagafirði – á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Fjarskiptahús-



TF3EY

TF1A

TF3AO

TF3ES

TF3GZ

TF2AC

TF1PA

ið er í 920 metra hæð yfir sjávarmáli (65,41127N 19,49982V). Framtíðarsýnin er sú, að Þrándarhlíðar-fjall tengist endurvörpunum á fjallinu Strút (TF2RPJ) og á Vaðlaheiði (TF5RPD). Sérstakar þakkir til Benedikts, Guðjóns og Georgs fyrir að takast á hendur þetta mikilvæga verkefni.

Til áréttingar. Sérstök ástæða er til að þakka Kristjáni Benediktssyni, TF3KB alþjóðafulltrúa ÍRA fyrir ferð þá sem hann tókst á hendur til Frakklands í lok apríl s.l. til að vera viðstaddur 100 ára afmæli IRAU og 75 ára afmæli IARU Svæðis 1 sem fulltrúi félagsins.



Kristján
Benediktsson
TF3KB.

Það hefur ekki komið nægjanlega vel fram hingað til, að ferðin var að öllu leyti farin á kostnað Kristjáns sjálfs, án aðkomu félagsjóðs. Innilegar þakkir til Kristjáns fyrir þetta dýrmæta framlag.

Að lokum. Starfsemin í Skeljanesi er okkur mikils virði og margir félagar hafa á orði að þeir hlakki til að mæta í félagsaðstöðuna hverju sinni til að hitta mann og annan – og til að kynna sér það fjölbreytta efni sem í boði er hverju sinni á fræðsludagskrá félagsins að vori og hausti. Það er vel, enda er starfsemin í Skeljanesi einn af undirstöðuþáttum í störfum félagsins.

Þar sem þetta er síðasta félagsblað ársins 2025 vil ég senda félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og áramótakveðjur með ósk um farsælt komandi ár 2026. Innilegar þakkir fyrir frábæra samvinnu og stuðning. Megi ykkur ganga allt í haginn.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB.

Virgni félagsstöðvarinnar í sumar og haust.

- **TF3IRA**– Sumarleikar ÍRA; 4.–6. júlí – TF3CW.
- **TF3W** – RSGB IOTA keppnin 2025 CW og SSB; 26.–27. júlí – TF3CW.
- **TF3IRA** – TF útileikar ÍRA; 2.–4. ágúst – TF3UA.
- **TF3W** – European HF Championship keppnin 2025 CW og SSB; 2.–3. ágúst – TF3UT.
- **TF3W** – WAE DX CW keppnin 2025; 9.–10. ágúst – TF3UT.
- **TF3W** – Scandinavian Activity keppnin 2025, CW; 21.–22. ágúst – TF3CW.
- **TF3W** – CQ WW DX RTTY keppnin 2025; 27.–28. september – TF3AO og TF3PPN.



TF3AO og TF2PPN – Ljósmynd TF3GZ.



TF3CW – Ljósmynd TF3JB.



TF3UT – Ljósmynd TF3JB.



Félagsstarfið í júlí til september

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þegar þetta er skrifað í lok september 2025 eru liðnir nær þrír mánuði frá því síðasta félagsblað kom út þann 20. júlí. Margt áhugavert hefur gerst í starfinu á þessum tíma og verður leitast við að gera grein fyrir því helsta hér á eftir. Til að halda tímaröð, hefst yfirferð efnis 10. júlí.

10. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Ágæt mæting var í félagsaðstöðuna fimmtudaginn 10. júlí miðað við hásumar. Alls 12 félagar í húsi, þ.m.t. pólskur leyfishafi sem stundar vinnu hér á landi. Fram kom m.a., að það styttist í að Alex hafi dvalið samfleytt á landinu í þrjá mánuði, en hann hefur hug á að sækja um íslenskt kallmerki að þeim tíma liðnum.



Pier A. Kaspersma TF1PA, Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Sigmundur Karlsson TF3VE.

Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS mætti með kínversk mælitæki sem hann hafði komið með í vikunni á undan. Góðar umræður um stöðvar og búnað, skilyrðin á HF og um Sumarleika ÍRA og um IARU keppnina helgina 4.-6. júlí.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Sigmundur Karlsson TF3VE, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga kaffi og leggja fram meðlæti og til Einars Sandoz fyrir ljósmyndir.

12.–13. júlí – TF3W í IARU HF World Championship 2025.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W á morsi í IARU keppninni helgina 12.–13. júlí. Skilyrðin voru ekki beint „spennandi“ (eins og hann orðaði það sjálfur) en hann hafði samt 551 QSO. Til samanburðar, hafði hann næstum 3.000 sambönd í sömu keppni [frá TF3W] 2024.


Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja stöðina.



Sigurður R. Jakobsson TF3CW í stöðvarherbergi TF3IRA.

14. júlí – Erindi frá Fjarskiptastofu.

Í viðauka með reglugerð um starfsemi radióamatöra nr. 348/2004 með síðari breytingum [reglugerð nr. 1306/2017] eru upplýsingar um tíðnisvið, sendiafl og bandbreidd í þeim tíðnisviðum sem okkur er heimilt að nota.



Þar á meðal er tíðnisviðið 1.240–1.300 MHz. Heimild okkar er í forgangsflokki 2 sem merkir að radióamatörar megi ekki trufla aðra notendur í sama tíðnisviði sem eru í 1. forgangsflokki og að radióamatörar njóta ekki verndar gegn truflunum frá þeim.

Í erindi frá Fjarskiptastofu sem félaginu barst 14. júlí er skýrt frá því, að ECC hafi verið að samþykkja nýja ECC/DCC tilskipun sem varðar tíðnisviðið sem verði innleidd hjá okkur.

Vefslóð: <https://docdb.cept.org/document/28651> Til upplýsingar, að þá hefur tilskipanin einnig verið innleidd á öðrum Norðurlöndum þann 27.6.2025, sbr. upplýsingar í vefslóð neðar. Málið varðar flokka tíðna sem eru notaðar af evrópska staðsetningarkerfinu Galileo í tíðnisviðinu 1.258–1.300 MHz.

Samþykkt ECC/DEC/(25)01 byggir á niðurstöðu WRC-23 ráðstefnunnar sem haldin var í Dubai 2023. Á WRC-23 var lögð fram lokaskýrsla (ITU-R M.2164) um útfærslu tíðnisviðsins (einkum vegna vaxandi notkunar staðsetningartungla og fjölgunar staðsetningarkerfa í þessu tíðnisviði) og lýsti IARU yfir ánægju með þau málalok. Samþykktin felur ekki í sér útfærsluna – hún á eftir að koma í ljós síðar – ef af verður. Til þess kemur í raun ekki, nema radióamatörar valdi truflunum á tíðnibilinu 1.250–1.300 MHz. Taldar eru hverfandi líkur á að þær aðstæður geti skapast hér á landi enda eru þeir sem stunda EME tilraunir í tíðnisviðinu meðvitaðir um stöðu mála sem hafa verið á döfinni nokkur undanfarin ár.

Listi yfir dagsetningu innleiðingar eftir löndum: <https://docdb.cept.org/implementation/28651> – listi yfir fylgiskjöl: [ECO Documentation](#)

Þess má geta, að Kristján Benediktsson, TF3KB alþjóðafulltrúi ÍRA flutti erindi um niðurstöður WRC-23 ráðstefnunnar í Skeljanesi 10. desember 2023 þar sem hann skýrði m.a. frá samþykkt WRC-23 um 23cm bandið, tveimur dögum áður, þ.e. 8. desember 2023. Kristján fjallaði einnig um samþykktina í fróðlegu erindi í Skeljanesi 6. febrúar 2025 þegar



Andrés Þórarinnsson TFIAM varaformaður ÍRA kynnir fyrirlesara kvöldsins 6. febrúar 2025, Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3GZ.

hann flutti erindi um „Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU“.

17. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Opið var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 17. júlí. Alls voru 12 félagar á staðnum að meðtöldum góðum gesti frá Færeyjum, Øssuri Gerðalið, OY1G sem er búsettur í Klakksvík. Hann var ánægður með heimsóknina og þakkaði fyrir sig á FB síðu félagsins:

„Takk fyrir kaffi, kaffibreyð og ekki at gloyma gott prátt 73 OY1G.“



Øssur Gerðalið, OY1G frá eigin stöð heima í Klakksvík. Hann er m.a. mikill CW maður og fékk m.a. að taka í lykilinn frá TF3IRA á móti TF3UT.

Alex, TF3UT hafði um 100 sambönd á morsi frá TF3IRA þetta kvöld í ágætum skilyrðum. Á meðan Alex var í loftinu á 14 MHz á CW hafði Sigurður Óskar, TF2WIN QSO á FM á 2 metrum frá TF3IRA við félagsmenn á Stór-Reykjavíkursvæðinu um endurvarpann í Bláfjöllum.

17. júlí – Fyrstu samböndin frá Surtsey.

Jón Atli Magnússon, TF2AC var QRV frá Surtsey fimmtudaginn 17. júlí.



Hann var með 5 W handstöð og náði góðu sambandi um endurvarpann í Bláfjöllum (145.650 MHz). Nokkrir höfðu síðan samband við hann beint á QRG 145.500 MHz, m.a. TF1JI og TF3JB og var hann t.d. S6 á mæli í Reykjavík.

Líklegt er að að þetta sé í fyrsta skipti sem haft er samband á tíðnum radióamatöra frá Surtsey. Eyjan hefur reitinn HP93QH.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Umhverfisstofnun fer með umsjón Surtseyjarfriðlandsins. Surtseyjarfélagið samræmir og leitast við af efla vísindarannsóknir í Surtsey. Óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa við eyjuna nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða úti í Surtsey til rannsóknna og verkefna sem tengjast þeim,

eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar. Surtsey er nefnd eftir Surti, jötni úr norrænni goðafræði sem er sagður þekja heiminn eldi í ragnarökum. Heimild: Wikipedia, vefslóð: <https://is.wikipedia.org/wiki/Surtsey>

17. júlí – Stjórnarfundur ÍRA nr. 3 starfsárið 2025/26.

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 17. júlí kl. 18:00 og var fjarfundur yfir netið. Full mæting stjórnarmanna var, nema að Heimir Konráðsson, TF1EIN var fjarverandi. Sérstakur gestur fundarins var Kristján Benediktsson, TF3KB alþjóðafulltrúi ÍRA.

Kristján hóf mál sitt á yfirferð um fjarfundi sem hann hefur nýlega setið fyrir hönd félagsins og hinsvegar, fundina sem hann sótti í tilefni 100 ára afmælis IARU í París 26. apríl og í tilefni 75 ára afmælis IARU Svæðis-1 23.–24. apríl, einnig í París.



Skjámynd af fundi stjórnar ÍRA 17.7.

Kristján fór yfir niðurstöður fundanna í stuttu máli – en skrifaði sérstaka grein sem birtist í 3. tbl. CQ TF sem kom út 20. júlí – ásamt ljósmyndum, vefslóð: <https://www.ira.is/wp-content/uploads/2025/07/CQTF-2025-3.pdf>

Kristján kom einnig stuttlega inn á nýlegar niðurstöður ECC um 23 cm bandið. Eftir fundinn sendi hann stjórnarmönnum ítarefni um það mál. Sérstakar þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir mætingu á fundinn og fyrir greinargóða skýrslu.

Á fundinum var m.a. samþykkt: (1) Fundargerð 2. stjórnarfundar 2025/26 frá 10. apríl. (2) Starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir starfsárið 2025/26. (3) Framlögð tillaga formanns, TF3JB um að ÍRA bjóði upp á námskeið til amatörprófs frá 15. september til 28. október í Háskólanum í Reykjavík. (4) Hugmyndir varaformanns, TF1AM að nýrri fræðsludagskrá ÍRA fyrir haustið, þ.e. október–desember sem kynnt verður í 4. tbl. CQ TF sem kemur út í byrjun október. Stefnt er að því að í boði verði a.m.k. jafnmörg erindi og á vordagskrá í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

20. júlí – Nýtt CQ TF er komið út.

3. tölublað CQ TF kom út sunnudaginn 20. júlí á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Sama dag var sendur tölvupóstur til allra félagsmanna með vefslóð á blaðið. Blaðið er alls 64 blaðsíður að stærð. Meðal efnis í blaðinu, til viðbótar við pistla ritstjóra og formanns:



- Félagsstarfið í apríl til júlí (stjórn ÍRA).
- IARU 100 ára (TF3KB).
- 100 ára afmæli IARU í París (TF3KB).
- Vorleikar ÍRA 2025, úrslit (TF8KY).
- Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2025/26 (Stjórn ÍRA).
- Kaup á nýrri amatörstöð sumarið 2025 (TF3JB).
- Stærðfræðihornið (TF3BOI).
- Kópavogur – Keflavíkurbjarg: 197 km (TF1AM).
- Sagan af Péttri mikla (TF3SE).
- Upplýsingar um kallmerki ÍRA (Ritnefnd).
- Stóru sýningarnar þrjár 2025 (TF3JB).
- Verslanir fyrir radióamatöra í Evrópu (TF3JB).
- Endur og skilyrði á Skaga (TF2LL).
- Sumarleikar ÍRA 2025 (TF8KY).
- QSL kort – eða ekki? (TF3VS).
- Bókahorn ÍRA (TF3JB).
- Fyrstu samböndin frá Surtsey (Ritnefnd).
- ÍRA, stjórnarfundargerð nr. 2-25/26 (TF3GZ).
- Úr félagsstarfinu: TF8RPH – (Garri) – QTH: Garðskagi (TF8SM).
- Viðurkenningar radióamatöra (TF3JB).
- QSL kort TF6GE, TF3AR og TF3MB (Ritnefnd CQ TF).
- Helstu DX keppnir í júlí, ágúst og september 2025 (Ritnefnd).
- DMR endurvarpinn TF3DMR (Stjórn ÍRA).

24. júlí – Aukinn áhugi á mornámi.

Aukinn áhugi er á að læra mors um þessar mundir. Umræður fóru einkum fram í 2. og 3. viku júlímánaðar. Hugmyndin var að kanna hvernig ÍRA geti sem best komið til móts við áhugasama félaga.

Eldri útfærsla var, að menn mættu 2 daga í viku í félagsaðstöðuna í Skeljanesi þar sem leiðbeinandi sendi æfingar og þátttakendur skrifuðu niður. Hinsvegar eiga margir um langt að sækja og umferð getur verið þung í borginni.

Ein hugmynd er, að ÍRA gangist fyrir morskennslu fyrir byrjendur sem send verði út á 70cm bandinu (430 MHz). Önnur hugmynd er að framkvæmd verði

yfir netið til að auðvelda félagsmönnum úti á landi þátttöku. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar innsetningar á FB síðu félagsins í júlí s.l.:



TF3OM. Það hefur greinilega verið töluverður áhugi og góð þátttaka þegar Axel var leiðbeinandi. Mér kom til hugar, að síðan Axel var með námskeiðið hefur tæknin breyst verulega. Nú ætti að vera auðvelt að halda svona námskeið að miklu leyti með hjálp fjarfundaforrita eins og Teams, Zoom, Google Meet... Það kæmi sér vel fyrir félaga sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Leiðbeinandinn gæti verið í Skeljanesi eða jafnvel heima hjá sér. Ekki væri þörf á að sami leiðbeinandinn sæi um allt námskeiðið, heldur gætu menn skipst á. Jafnvel er hægt að senda út daglegar æfingar á netinu með þessum forritum, milli þess sem formlegar kennslustundir eru þar t.d. vikulega. Þá þarf ekki að treysta á að radióskeyrðin séu í lagi. Ýmislegt er auðvelt í dag



TF3IK. Ég hefði gaman af svona námskeiði en verð að sjá til með tíma fyrir það. Fyrir nokkrum árum náði ég smá tókum á að senda mors með æfingum í appi. Það var mjög gaman að finna þá færni fæðast.

Að hlusta á og skilja mors er hins vegar önnur saga fyrir okkur sem erum kominn yfir miðjan aldur. Gaman væri þó að láta reyna á það á námskeiði.



TF5NN. Á síðasta amatör námskeiði vorum við að minnsta kosti þrír sem höfðum áhuga á að læra mors. Sjálfur hef ég verið að nota app sem heitir „Morse mania“ og æfa mig síðan að morsa á stöð sem ég á án þess þó að senda út. Ég hitti síðan Egill Ibsen og hann vor svo góður að lána mér græju sem heitir Morserino-32 sem hann segir að eigi eftir að hjálpa mikið. En ég væri líka til í að taka námskeið ef það væri í boði, það mundi örugglega flýta lærdómsferlinu hjá manni og hjálpa manni að komast í loftið á CW. 73 de TF5NN.

Málið er til skoðunar hjá stjórn félagsins.

24. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudag 24. júlí. Mikið var rætt um nýja CQ TF blaðið (3. tbl. 2025) sem kom út á rafrænu formi á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 20. júlí; stórt blað, 64 blaðsíður. Fram kom að menn eru ánægðir með fjölbreytt efnisval. Einn viðstadda sagði t.d. að „...hann hafi alltaf haft gaman af að lesa fjölbreyttar greinar sem birtast í blaðinu!“.



Einar Kjartansson TF3EK, Hrafnkell Eiríksson TF3HR og Haukur Konráðsson TF3HK.

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR sýndi okkur QMX „Multi-band, multi-mode“ QRP móttökustöð frá QRP Labs. Tækið er 5 banda fyrir CW, Digi og SSB tegundir útgeislunar og fjaraskiptastöð með innbyggðu hljóðkort. Hrafnkell keypti tækið ósamsett og notar heimasmiðaðan hljóðnema, en hefur mest notað tækið á morsi hingað til. Tækið hefur hlotið mjög góða dóma [m.a. á eHam] og kostar aðeins um 100 dollara á innkaupsverði. Hann sýndi okkur einnig NanoVNA sem nota má m.a. sem loftnetssjá.



Mathias Hagvaag, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Einar Kjartansson TF3EK og Finnur Tómasson TF1FT.

Mikið var rætt um TF útileika félagsins sem haldnir verða um verslunarmannahelgina og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður þeirra sagði „...að nú væru aðeins 9 dagar til stefnu“. Margir verða á ferðinni um þessa helgi og ætla þá að taka þátt frá sumar-bústöðum, hjólhýsum og úr tjöldum. Ástæða er til að hvetja sem flesta félagsmenn til að taka þátt.



Björgvin Viglundsson TF3BOI.



Þorvaldur son TF3TB.



Ágúst Ú. Sigurðsson TF3AU.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Haukur Konráðsson TF3HK.

Einnig eru menn áhugasamir um þátttöku í alþjóðlegu RSGB IOTA keppninni um helgina [27.–28. júlí]. Þetta er 24 klst. keppni þar sem þátttaka er í boði bæði á morsi og tali. Félagsstöðin TF3W verður með í keppninni og mun Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkja stöðina. IOTA númerin fyrir Ísland eru þrjú, þ.e. EU-021 er fyrir landið, EU-071 fyrir Vestmannaeyjar og EU-168 fyrir aðrar eyjar við Ísland.

Heimir Konráðsson, TF1EIN færði í hús Ameritron AL-811 RF magnara (sem er bilaður) og hann hugðist gefa einhverjum á staðnum sem hefði áhuga. Eftir að hafa rætt málið við félaganna, ákvað hann hins vegar að skynsamlegast væri að láta gera við magnarann svo hann kæmist í notkun. Félagið tekur að sér að láta gera við tækið sem síðan verður selt á því verði sem viðgerð kostar.



Heimir Konráðsson
TF1EIN færði Ameritron
AL-811 magnarann í hús.

Sérstakar þakkir til Sergii Matlash, US5LB sem færði félaginu Radionette Kurier viðtæki og til Þorvaldar Bjarnasonar, TF3TB sem færði félaginu Yaesu FRG-7 viðtæki og Yaesu FC-902 loftnets-



Sergii Matlash
US5LB færði
félaginu
Radionette
Kurier viðtæki.

aðlögunarrás. Þessir hlutir verða í boði á næsta flóamarkaði félagsins. Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í Vesturbænum í Reykjavík.

26. júlí – Viðgerð á diskloftneti TF3IRA nálgast.

Þegar búnaðurinn við diskloftnet TF3IRA fyrir QO-100 var uppfærður árið 2023 voru pöntuð 2 stk. LNB fyrir tunglið. TF3JB fann loksins í fórum sínum seinna LNB'ið 26. júlí. Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A var gefin skýrsla sama dag. Þar sem hann er aflögufer um 1 stk. búnaðar frá dr. Nolle – sem hann er tilbúinn að selja félaginu styttest í að félagsstöðin verði QRV um QO-100 gervitunglið.




Á næstunni verður leitað til þeirra Ara Þórólfs, TF1A og Georgs Kulp, TF3GZ með að koma búnaðinum fyrir, en þeir hjálpuðust að þegar verkefnið var unnið síðast (2023). Myndin er af framangreindu LNB og umbúðum.

26.–27. júlí TF3W tók þátt í RSGB IOTA 2025.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð í RSGB IOTA keppninni 2025. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði stöðina á morsi.

Skilyrðin voru afar erfið. Þrátt fyrir það náðust 356 sambönd. Þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja félagsstöðina í keppninni.



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjaði TF3W í RSGB IOTA 2025 keppninni frá Skeljanesi.

29. júlí – TF útileikar ÍRA 2025.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður 29. júlí:

Þriðju og síðustu fjarskiptaleikar ÍRA á árinu 2025 verða haldnir um verslunarmannahelgina. Það eru TF útileikarnir og hefjast þeir á hádegi laugardaginn 2. ágúst og lýkur á hádegi á mánudaginn 4. ágúst. Upplýsingar má sjá á heimasíðu ÍRA, vefslóð: <https://www.ira.is/tf-utileikar/>

Hægt er að taka þátt hluta keppnistímans – eða eins og hentar hverjum og einum. Bent er á að skrá sig á leikjavefinn, sbr. þessa vefslóð: <http://leikar.ira.is/>

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í leikunum.

Með ósk um gott gengi!

Stjórn ÍRA.



Í TF útileikunum er veittur verðlaunagripur og fimm viðurkenn-ingaskjöl. Myndin er frá afhendingu verðlauna í útileikunum í fyrra (2024). Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, (1. sæti); Einar Kjartansson TF3EK (3. sæti); og Andrés Þórarinnsson TF1AM (2. sæti). Mynd: TF3JON.

29. júlí – Þankar TF3OM um morskán.

Með tilvísan til fyrri innsetningar á FaceBook síðu ÍRA sem skýrt var frá að ofan (sjá 24. júlí) gerði Ágúst H. Bjarnason, TF3OM áhugaverða viðbótarinnsetningu á síðuna 29. júlí, samanber neðangreindan texta:

TF3OM: Meira um morsið. Nokkur orð í belg:

Þegar ég var að læra morsið árið 1964 notaði ég kolranga aðferð, þ.e. byrjaði á því að læra mors-stafrófið sem punkta og strik (. - ... -.-.) og settist síðan niður í 15–20 mínútur á dag, og hlustaði. Í byrjun á hæga sendingu á grammófón plötunni. Hraðinn á námskeiðinu var síðan aukinn smátt og smátt. Þetta var reyndar aðferð sem flestallir notuðu í „gamla daga“. Þessari aðferð fylgir sá mikli ókostur að maður er nánast að hlusta eftir punktum og strikum, í stað þess að hlusta eftir hljóðfallinu. Mun betri aðferð sem menn nota töluvert í dag er kennd við þýska sálfræðinginn Ludwig Koch. Ítarleg lýsing á Koch aðferðinni er t.d. hér: <https://www.qsl.net/n1irz/finley.morse.html>

Í örstuttu máli; Koch aðferðin: Maður verður að nota sérstakt kennsluforrit í tölvu eða síma. Ekki er hægt að notast við útsendingu á netinu, radió, eða grammófón-plötu eins og ég gerði. Maður hlustar á sendingu frá forritinu og forritið fylgist með framförum manns og stillir sig af jafnóðum. Hvetur mann áfram. Forritið sendir strax morstáknin með miklum hraða, 70–100 tákn á mínútu (15–20 WPM), en hæfilega löngu bili milli tákna eða stafa, til þess að maður heyri hljóðfall stafanna, en ekki sem punkta og strik, heldur nánast sem hljóð. Eiginlega eins og þegar verið er að læra nýtt tungumál. Í byrjun sendir forritið aðeins út 2 tákn. Nem-

andinn svarar með lykklaborðinu. Þegar hann er farinn að geta svarað rétt í 90% tilvika bætir forritið einu morstákni við, og svo framvegis... Þetta þýðir, að ef ætlunin er að nota Koch aðferðina á morse námskeiði, þá er ekki hægt að reikna með útsendingum á VHF/UHF eða netinu. Hver nemandi er eiginlega með einkakennara í sinni tölvu og / eða snjallsíma. Námskeiðið gæti samt nýst vel til að veita stuðning, fræðslu og smá aðhald. Hafa ekki einhverjir sem lesa þetta reynslu af Koch aðferðinni? Það virðist vera allnokkuð af Koch kennsluforritum á netinu.

31. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 31. júlí.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Einar Kjartansson TF3EK, Pier Alberg Kaspersma TF1PA, Einar Sandoz TF3ES, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Guðjón Már Gíslason, TF3GMG og Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs).

Mikið var rætt um TF útileikana sem hefjast kl. 12 á hádegi laugardaginn 2. ágúst, en daginn fyrir leikana voru þegar 11 TF kallmerki skráð á leikjavefinn. Bæði Einar, TF3EK umsjónarmaður leikanna og Hrafnkell, TF8KY sem hannaði leikjavefinn voru á staðnum og svöruðu spurningum. Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð í TF útileikunum, á sunnudag og mánudag. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA virkjaði stöðina frá Skeljanesi.

Nýja CQ TF blaðið (3. tbl.) sem kom út á heimasíðu félagsins á netinu 20. júlí s.l. lá frammi á prentuðu formi í félagsaðstöðunni og voru menn mikið að fletta blaðinu. Þetta er stórt blað 64 blaðsíður. Ánægja var með fjölbreytt efnisval og eins og Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN sagði: „Það er alltaf svo vandað efni í blaðinu“.



Mathías Hagvaag TF3MH, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Einar Kjartansson TF3EK og Njáll H. Hilmarsson TF3NH.

Ársæll Óskarsson, TF3AO mætti í Skeljanes og afhenti „Duplex“ síu fyrir endurvarpa félagsins, TF3DMR. Þetta er gjöf til ÍRA frá Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK, en Sæli hitti Erik í Finnlandi nokkru áður. Þakkir til Sæla að hafa milligöngu um málið og þakkir til Eriks fyrir gjöfina. UHF endurvarpinn TF3DMR verður í framhaldi settur í loftið á næstunni.

*Ársæll Óskarsson
TF3AO afhenti
„duplex“ síu fyrir
TF3DMR sem félagið
fékk að gjöf frá Erik,
TF3EY, en Sæli hitti
Erik í Finnlandi á
dögum. Nýi endur-
varpinn TF3DMR sést
í bakgrunni.*



Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID og Guðjón Már Gíslason, TF3GMT undirbjuggu tiltekt í eldhúsinu og færðu m.a. kælikápa félagsins á nýjan stað. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, er aðgangur að skápnum allt annar og betri. Á dagskrá er (næstu daga) að halda áfram og ljúka tiltekt í eldhúsinu sem byrjað var á s.l. haust.



Sigurður Óskar, TF2WIN kom með heimasmiðaðan loftnetsspenni og sýndi mönnum. Hann kom einnig með mælitæki og mældi heimasmiðaða loftnetsgildru sem Guðjón Már, TF3GMG hafði smíðað.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Guðjón Már Gíslason TF3GMG gera mælingar á heimasmiðaðri loftnetsgildru TF3GMG

Alls mættu 25 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

2. ágúst – TF3W í European HF Championship.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð í European HF Championship keppninni 2025 laugardaginn 2. ágúst. Þetta er 12 klst. keppni (á CW og SSB). Þátttaka var í flokknum “Single op. – all high, mixed” og var niðurstaðan alls 1.095 QSO og 243.962 heildarpunktar. Skilyrðin voru að mestu til Evrópu. Alex M. Senchurov, TF3UT setti stöðina í loftið frá Skeljanesi. Þakkir góðar til Alex.



4. ágúst – TF útileikunum 2025 er lokið.

TF útileikunum 2025 lauk á hádegi 4. ágúst; á verslunarmannafrídaginn. Alls voru skráð til leiks 14 TF kallmerki, þar af voru 12 sett í loftið sem tóku þátt.

Samkvæmt upplýsingum á leikjavefnum varð Einar Kjartansson, TF3EK í 1. sæti; Eiður Kristinn Magnússon, TF1EM í 2. sæti og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD í 3. sæti. En hafa verður fyrirvara, því menn geta skilað inn breytingum/ innsetningum í allt að 7 sólarhringa eftir viðburðinn. Hamingjuóskir til þeirra Einars TF3EK, Eiðs TF1EM og Kristjáns TF4WD með þennan ágæta árangur.



Einar Kjartansson TF3EK Kristján J. Gunnarsson TF4WD Eiður K. Magnússon TF1EM

Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA sem virkjaði félagsstöðina TF3IRA í Skeljanesi sem og til Einars Kjartanssonar, TF3EK umsjónarmanns leikanna og Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY sem setti upp og hannaði frábæran leikjavef. Síðast, en ekki síst, þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna. Miðað við umsagnir þeirra sem tóku þátt í leikunum vorum menn mjög ánægðir með viðburðinn. Skilyrði voru sæmileg upp í að vera allgóð.

6. ágúst – Guðrún Hannesdóttir, TF3GD er látin.

Guðrún Hannesdóttir, TF3GD hefur haft sitt síðasta QSO; merki hennar er hljóðnað.

Samkvæmt upplýsingum frá Vilhjálmi Þór Kjartanssyni, TF3DX eiginmanni hennar lést hún sunnudaginn 3. ágúst. Banamein var krabbamein.

Guðrún var á 78. aldursári og handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 296.

Um leið og við minnumst Guðrúnar með þökkum og virðingu færum við Vilhjálmi Þór og fjölskyldu hennar innilegustu samúðarkveðjur.

*Fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður*

**6. ágúst – ORG ehf. heldur áfram.**

ORG-Ættfræðipjónustan ehf. mun hefja störf á ný á hausti komanda samkvæmt upplýsingum frá Hauki Kristófer Bragasyni, sem fer fyrir hópi nýrra eigenda. Hann reiknar með að starfsemin verði sett af stað á ný með haustinu. Til að byrja með [a.m.k.] verður ekki höfð föst viðvera í Skeljanesi, heldur miðað við starfsemi þar ákveðna daga vikunnar. Haukur fer fyrir hópi átta manns, sem allt saman er fólk sem starfaði með þeim Oddi og Reyni í gegnum árin.



Haukur K. Bragason.

ORG-Ættfræðipjónustan ehf. var rekin í húsinu í Skeljanesi af þeim Oddi Friðrik Helgasyni og Reyni Björnssyni, TF3JL uns Oddur lést á 83. aldursári þann 1. desember 2023. Reynir Björnsson (TF3JL), meðeigandi hans lést síðan þann 15. október 2024 á 86. aldursári. ÍRA var annað félagið sem flutti í húsið í Skeljanesi (á eftir ORG) vorið 2003.

6. ágúst – Framkvæmdir í salnum í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB mættu í félagsaðstöðuna í Skeljanesi síðdegis 6. ágúst.



Hluti af tímaritamöppum félagsins sem biða flutnings og eru geymdar þangað til í eldhúsinu í Skeljanesi.



Fyrir miðri mynd má sjá hilluskápana tvo sem koma til með að hýsa tímaritamöppur félagsins. Aðgengi verður mun betra.

Verkefni voru tvennskona, að flytja þrjá hilluskápa niður í gang sem áður voru staðsettir í salnum (þ.e. á veggnum til hægri þegar gengið er inn í salinn). Og, í annan stað, að skipta út 18 ljósaperum í loftinu í salnum fyrir nýjar.

Hilluskáparnir þrír voru fluttir til að auka rými fyrir félagsmenn í þessum hluta salarins þegar flutt eru erindi/fyrirlestrar. Tímaritamöppur félagsins verða fluttar á nýjan stað við enda stóra fundarborðsins, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Sérstakar þakkir til Georgs fyrir góða aðstoð.



Georg Kulp, TF3GZ skipti alls út 18 ljósaperum í loftinu á salnum. Verkið er rúmlega hálfnað því það vantar 14 perur til viðbótar.

7. ágúst – Opið hús í Skeljanesi.

Góð mæting var 7. ágúst og menn hressir. M.a. var rætt um nýafstaðna TF útileika. Fram kom, að Einar



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Sandoz TF3ES, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK og Mathías Hagvaag TF3MH.

Kjartansson, TF3EK hafði ekið hringveginn umhverfis landið í leikunum og þannig tekið þátt frá hinum ýmsu reitum og náð fjölda margfaldara. Síðan mun Finnur Tómasson, TF1FT m.a. hafa tekið þátt í leikunum frá Melrakkaslétu.



Hrafnkell Eiríksson TF3HR og Einar Kjartansson TF3EK. Einar skoðar heimasmiðaðan 100 W fæðispenni Hrafnkells.

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR tók með sér heimasmiðaðan búnað, m.a. fæðispenni fyrir endafædd vírloftnet. Skemmtilegur frágangur á öllu sem hann smíðar. Guðjón Már Gíslanson, TF3GMG tók einnig með sér heimasmiðað dót og sagði okkur frá loftnetatilraunum á HF sem hann gerir úti á svölum á 6. hæð í blokkinni þar sem hann er búsettur í Kópavogi. Hann hefur reyndar einnig stundað loftnetatilraunir á HF í sumarbústaðnum í Hestvíkinni í Grafningi. Annars voru menn á báðum hæðum og Alex, TF3UT virkjaði félagsstöðina TF3IRA á morsi á 14 MHz í ágætum skilyrðum.



Alex M. Senchurov, TF3UT var að undirbúa TF3W fyrir þátttöku í WAE morskenninni 09.-10. ágúst.

Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

9. ágúst – Skráning á námskeið uppfærð.

Skráningarsíða á námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2025 var uppfærð 9. ágúst.

Ákveðið var að gera uppfærsluna þrátt fyrir að staðfesting á aðgangi að kennslustofu í Háskólanum í Reykjavík væri ekki komin (en er væntanleg). Málið er, að menn hafa veigrað sér við að skrá sig á síðuna

sem var fyrir námskeiðið í fyrra (2024) sem er skiljanlegt.

Þess vegna voru upplýsingar uppfærðar eins og sjá má á þessari vefslóð: <https://www.ira.is/skraning-a-namskeid/>

9.–10. ágúst – TF3W í WAE CW keppninni 2025.

Alex, TF3UT virkjaði félagsstöðina TF3W í WAE morskenninni helgina 9.–10. ágúst.

Skilyrðin á HF voru alls ekki góð. Þau sambönd sem Alex náði voru í byrjun keppinnar og í lokin á sunnudagskvöld. Þar á milli var eiginlega „black-out“ á böndunum.




Alex náði samt alls 354 samböndum sem gáfu 208.936 heildarpunkta. Hann keppti í „Single-op low“ flokki. Þakkir til Alex fyrir að setja TF3W í loftið í keppninni.

10. ágúst – TF4WD QRV með WEB-888 SDR viðtæki.

Kristján J. Gunnarsson, TF4WD gerði eftirfarandi innsetningu á FB síðu ÍRA á sunnudag:

Fyrir þá sem hafa áhuga á að kanna hvernig skilyrðin eru á amatörböndunum þá er ég með „Web-888 SDR“ móttakara hérna á Króknum sem ég var að versla mér og hann tekur á móti WSPR merkjum á 160 m, 80 m, 60 m, 40 m, 30 m, 20 m, 17 m, 15 m, 12 m og 10 m böndunum stanslaust allan sólarhringinn og sendir út á netið á www.wsprnet.org (tf4wd). Ég hef ákveðið að hafa þetta í gangi til prufu einhvern tíma. 73 de TF4WD.



Þakkir til Kristjáns fyrir að opna þennan áhugaverða möguleika fyrir félagsmenn.

13. ágúst – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. *cluster*) dagana 3.–12. ágúst 2025.

Alls fengu 13 TF kallmerki skráningar. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8) en einnig á morsi (CW) og tali (SSB). Bönd: 6, 15, 17, 20 og 30 metrum.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrt í] TF kallmerki. Svokallað „self spotting“ er ekki tekið með. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://new.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund(ir) útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

TF1A	FT8 á 6 og 15 metrum.
TF2CT	FT 8 á 6 metrum.
TF3AK	FT8 á 20 og 30 metrum.
TF3CZ	FT8 á 20 metrum.
TF3IRA	CW á 20 metrum.
TF3JB	FT8 á 6 metrum.
TF3VS	FT8 á 17 metrum.
TF3W	CW á 15 og 20 metrum.
TF5B	FT8 á 17 og 30 metrum.
TF8KW	FT8 á 6 og 20 metrum.
TF8SM	FT8 á 6 og 15 metrum.
TF/F5TGR	FT8 á 20 og 30 metrum.



Félagsstöðin TF3IRA var virk á tímabilinu. Á myndinni er Hrafnkell Sigurðsson TF8KY í loftinu frá Skeljanesi.

14. ágúst – Ársskýrsla Fjarskiptastofu 2024.

Ársskýrsla Fjarskiptastofu fyrir 2024 er komin út. Umfjöllun um radióamatöra má m.a. sjá á bls. 23.

Vefslóð: [Ársskýrsla fjarskiptastofu 2024](#)

Ársskýrsla
Fjarskipta-
stofu 2024
er alls 66
blaðsíður
að stærð.

Ársskýrsla
Fjarskiptastofu
2024



15. ágúst – Endurvarpinn TF3RPI er úti.

Stafræni endurvarpinn TF3RPI (QRG 439,950 MHz) í Bláfjöllum er úti og er hvorki virkur á RF eða yfir netið. Athugað verður með viðgerð við fyrsta tækifæri. TF3RPI hefur verið starfræktur frá árinu 2018, hefur gátt yfir netið út í heim og notast við D-STAR fjarskipti.



Myndin er af endurvarpanum TF3RPI sem er staðsettur í Bláfjöllum. Ljósmynd: TF1A.

16. ágúst – Opið var í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 14. ágúst. Sérstakir gestir félagsins voru þau Bob Staar, LX1BS og XYL Eva. Bob færði okkur m.a. félagsfána *Radioamateurs du Luxembourg* (RL), eintak af félagsblaði þeirra sem kemur út 4 sinnum á ári [eins og CQ TF] og félagsmerki RL. Bob fékk borðfána ÍRA afhentan og eintak af nýjasta tölublaði CQ TF til að taka með heim til Lúxemborgar.



Skipst á félagsfánunum. Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Bob Staar fulltrúi landsfélags radióamatöra í Lúxemborg. Með á mynd er Alex M. Senchurov TF3UT.

Bob LX1BS var mjög hrifinn af félagsblaði ÍRA, CQ TF. Hann var mest hissa yfir að það væru engar auglýsingar og fannst frábært að félagsaðstaðan væri opin 4 sinnum í mánuði, en félagarnir í Lúx hittast einu sinni í mánuði. Fram kom, að félagafjöldi RL er um 400 og eru flestir leyfishafar. Þess má geta að Bob er ungmennafulltrúi RL og á enn fremur sæti í neyðar-fjarskiptanefnd félagsins.



Anna Henriksdóttir TF3VB og Eva XYL LX1BS í fjarskipta-herbergi TF3IRA.

Góð mæting var þetta fimmtudagskvöld og félagararnir á báðum hæðum. Félagsstöðin TF3IRA var sett í loftið, bæði á CW og SSB í góðum skilyrðum á 7 MHz og 14 MHz. Menn eru orðnir spennir fyrir að fá endurvarpann TF3DMR í loftið og verður væntanlega unnið að því í næstu viku, en eftir er að leggja að honum tengingu frá netbeini og loftnet; allt annað er til staðar. Einnig kom til tals, að gott væri að fá stafræna endurvarpann TF3RPI (QRG 439.950) virkan á ný, sem nú er bilaður. TF3RPI hefur gátt yfir netið út í heim og notast við D-STAR fjarskipti.



Þórður Adolffson TF3DT, Einar Kjartansson TF3EK, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Benedikt Sveinsson TF3T og Mathias Hagvaag (fyrir enda borðs).

Að venju var mikið rætt um skilyrðin á HF, fjarskiptastöðvar, loftnet og annan búnað. Hugur var í mönnum að drífa upp loftnet fyrir veturinn og sumir velta fyrir sér kaupum á nýrri HF stöð á meðan gengi dollars er hagstætt en gengi dollars samkvæmt Seðla-banka var 122 kr. þetta kvöld.

Leiðbeinendur á námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2025.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB færði félaginu Yaesu FC-902 loftnetsaðlögunarrás.

Þakkir til Þorvaldar Bjarnasonar, TF3TB sem færði félaginu Yaesu FC-902 loftnetsaðlögunarrás sem verður í boði á næsta flóamarkaði félagsins. Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID og Guðjóns Más fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti. Alls mættu 28 félagar og 3 gestir í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

16. ágúst – Tilkynning um námskeið ÍRA til amatörprófs sett á netið.



Innsetning með upplýsingum um námskeið félagsins til amatörprófs haustið 2025 var gerð á heimasíðu ÍRA, FB síðu ÍRA, FB síðu TF1A og TF8SM og FB síðuna „Stuttbylgjustöðvar á Íslandi“ 16. ágúst.

Þar kemur m.a. fram, að námskeiðið, sem er til undirbúnings prófs Fjarskiptastofu til amatörleyfis verður haldið 15. september til 28. október í Háskólanum í Reykjavík. Um er að ræða 6 vikna námskeið sem lýkur með prófi Fjarskiptastofu, laugardaginn 1. nóvember.

Einnig kom fram, að námskeiðið er öllum opið og eru ekki gerðar kröfur um sérstaka menntun eða undirbúning og að kennt verði í Háskólanum í Reykjavík á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum kl. 18:30–21:30. Vísað var í skipulag námskeiðsins á þessari vefslóð: <https://tinyurl.com/iranamsk25>

Vefslóð til að skrá þátttöku: <https://tinyurl.com/iraskran25>
Ennfremur kom fram, að námskeiðsgjald er 24.500 krónur og að greiðsla þarf að hafa borist gjaldkera í síðasta lagi 10. september. Einnig var bent á fræðslu-styrki stéttarfélaga og Vinnumálastofnunar.
Boðið var upp á að senda fyrirspurnir á póstfangið: ira@ira.is eða að hafa samband við Jónas Bjarnason, TF3JB umsjónarmann námskeiðsins í síma 898-0559 eða á póstfang: jonas.bjarnason.hag@gmail.com
Til undirbúnings var sent erindi var sent til þeirra níu kennara sem komu að námskeiðinu í fyrra (2024) og þeir beðnir um að koma aftur að kennslu í ár. Jákvað svör bárust frá öllum. Þeir sem um ræðir eru:

Andrés Þórarinnsson, TF1AM.
Ágúst Ú. Sigurðsson, TF3AU.
Hrafnkell Eiríksson, TF3HR.
Hörður Mar Tómasson, TF3HM.
Kristinn Andersen, TF3KX.
Njáll H. Hilmarsson, TF3NH.
Óskar Sverrisson, TF3EC.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Yngvi Harðarson, TF3Y.

Sérstakar þakkir til þessara félaga sem hjálpa okkur með hrinda þessu mikilvæga verkefni í framkvæmd.

17. ágúst – DXCC staða TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja var sett inn á heimasíðu ÍRA og FB síður þann 17. ágúst. Að þessu sinni hafði staða fimm kallmerkja verið uppfærð frá fyrri lista, þ.e. TF2LL, TF3G, TF3IRA, TF3JB og TF5B. Samtals er um að ræða alls 27 uppfærslur frá 2. júní s.l.

DXCC MIXED	DXCC 80 METRAR	DXCC 15 METRAR	DXCC MIXED, ÖVIRK
344 TF3Y	242 TF3G	219 (200) TF5B	349 TF3SV (TF3SV/TF3C)
326 TF3DC	138 TF4M	216 TF3VS	226 TF3M
324 TF4M	117 TF3DT	215 TF8GX	106 TF3WLC
309 TF8GX	110 TF1A	194 TF2LL	TF3AR
298 TF5B	109 TF3JB	186 TF4M	TF3EA
286 (200) TF2LL	106 TF3T	178 TF3RA	(W12, 8.3.1945-110)
284 TF3SG	101 TF3IRA	168 TF3JB	TF3SF
276 (200) TF3JB		146 TF3T	TF3ZM
257 TF3VS		137 TF1A	TF3TP
237 (200) TF3RA	227 TF3SG	129 TF3G	
230 (200) TF3G	214 TF4M	126 TF3DT	
195 TF1A	179 TF2LL	110 TF3MH	
191 TF3DT	173 (200) TF5B	103 TF3AM	
174 TF3MH	165 TF3VS		
161 TF3AM	139 TF3IRA		
116 TF3EK	130 TF3DT		
	128 TF3JB		
	125 TF3T		
	113 TF1AM		
	114 TF1A		
	125 TF3B		
	110 TF8GX		
	108 TF3DC		
	106 TF3JB		
	100 TF4M		
	170 TF3Y		
	167 TF3VS		
	165 (200) TF5B		
	123 TF1A		
	115 TF3DT		
	107 TF3MH		
	100 TF3Y		
	100 TF3B		
	100 TF3T		
	100 TF3VS		
	100 TF3WLC		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		
	100 TF3TP		
	100 TF3AR		
	100 TF3EA		
	100 TF3SF		
	100 TF3ZM		

Því bandi (úr álstöngum) sem hann er með festan við 4 m. langt rör sem hann „rennir“ út frá svölunum [á fjölbýlishúsinu þar sem hann býr] þegar hann fer á bandið og sem kemur mjög vel út í DX. Snjöll lausn fyrir þá sem búa í fjölbýli, enda eru loftnet fyrir 50 MHz af meðfærilegri stærð.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Finnur Tómasson TF3FT í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Menn ræddu einnig um LoTW (Logbook of The World) og fram kom að skráning hjá ARRL er ókeypis, en verulega er til þæginda fyrir leyfishafa að skrá sig þar og uppfæra DX sambönd, enda meir en 60% af samböndum sem frá skráningu þar. Í fjarskiptaherbergi TF3IRA var rætt um APRS og fram kom fram mikil ánægja með vinnu Hrafnkels Eiríkssonar TF3HR sem uppfærði búnað APRS stöðvar félagsins, TF3IRA-1 nýlega.



Finnur Tómasson TF3FT, Sigurður Óskar TF2WIN, Heimir Korádsson TF1EIN og Einar Sandoz TF3ES.

Töluvert var rætt um nýjar stöðvar, m.a. um nýju FlexRadio 8000 línuna og hún borin saman við nýju ICOM IC-7760 stöðina (en eintök af báðum þessum tækjum eru komin í notkun hér á landi). Einnig var rætt um nýju Aurora línuna frá FlexRadio, sem eru 500W stöðvar. Þetta kvöld var félagsstöðin TF3IRA QRV á morsi á 14 MHz bandinu í þokkalegum skilyrðum.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti. Alls mættu 22 félagar



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Gísli Guðnason TF6MK, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Einar Kjartansson TF3EK, Sigmundur Karlsson TF3VE, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs).

og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

23. ágúst – Vinna í félagsaðstöðunni.

Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB gerðu ferð í Skeljanes laugardaginn 23. ágúst. Verkefni dagsins voru eftirfarandi:

(1) Festa upp „Duplex“ síu fyrir TF3DMR endurvarpann. (2) Tengja CAT6 netkapal á milli TF3DMR og netbeinis annarsvegar, og tengja fæðilínu frá endurvarpanum yfir í fjarskiptaherbergið til tengingar við UHF loftnet, hinsvegar. (3) Flytja hilluskáp í QSL herberginu og handbækur niður í sal og flytja hilluskápinn niður í gang, við dyrnar út í port. (4) Flytja tímaritaöskjurnar úr eldhúsinu í hilluskápana við langa fundarborðið. (5) Aftengja plastkapal sem var fasttengdur í tengil á vegg [til hægri þegar gengið er í salinn].



Georg við TF3DMR endurvarpann eftir að hann var búinn að tengja fæðilínuna fyrir UHF loftnetið.

Vel gekk að festa upp síuna og boraði Georg gat yfir í fjarskiptaherbergið til að hægt væri að leggja netkapal og kóaxlínu frá endurvarpanum. Kaplarnir voru spenntir með kverkum í QSL herberginu, en látnir liggja lausir í fjarskiptaherberginu þar til unnt verður að tengja þá í netbeini og við UHF loftnet. CAT6 netkapall var keyptur í Computer.is og fæðilínan er frá Messi & Paloni af Ultraflex-10 gerð.



Tímarítamöppur og handbækur komnar í hilluskápana fyrir enda borðsins.

Vel gekk að tæma og hilluskápin í QSL herberginu og er aðgangur nú allt annar og betri. Handbækur voru fluttar til hliðar við tímarítamöppurnar í salnum hjá fundarborðinu (sjá mynd). Vel gekk enn fremur að flytja tímarítamöppurnar yfir í hilluskápin (sjá mynd úr eldhúsinu). Á næstunni verða möppurnar merktar tímaríti og ári. Stefnt er að því að TF3DMR verði virkur fljótlega. Sérstakar þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir dýrmæta aðstoð.

Aðgangur að QSL herberginu er verulega betri eftir að hilluskápurinn var fluttur.

23. ágúst – Fundur í ritnefnd.

Fundur var haldinn í ritnefnd CQ TF laugardaginn 23. ágúst. Þetta var 2. formlegur fundur nefndarinnar á starfsárinu 2025/26 og var haldinn á heimili TF3JB í Reykjavík.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA ritstjóri, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Jónas Bjarnason TF3JB ritnefndarmenn. Mynd: TF3UA.

Farið var yfir efni síðasta blaðs [3. tbl.] sem kom út 20. júlí s.l. og voru menn ánægðir með útkomuna. Næst var rætt um efni sem er tilbúið eða er í vinnslu fyrir næsta blað, 4. tölublað sem kemur út sunnudaginn 19. október (vegna tveggja vikna seinkunar).

Nefndarmenn ræddu einnig efnisöflun með það í huga að breikka efni í blaðinu og var verkefnum skipt niður á nefndarmenn. Samþykkt að halda sig við útgáfuáætlun hvað varðar stærð næsta blaðs, sem verði á bilinu frá 40 til 44 blaðsíður.

23. ágúst – TF1EIN með 5 nýjar DXCC viðurkenningar.



Heimir Konráðsson, TF1EIN hefur sent umsókn til ARRL um fimm nýjar DXCC viðurkenningar, þ.e. MIXED, RTTY/DIGITAL, 20 m, 17 m og 15 m. Þetta er fyrsta umsókn hans um DXCC.

Heimir bætist þar með í hóp þeirra 17 sem eru fyrir með virka DXCC skráningu hjá ARRL. Hamingjuóskir til Heimis með glæsilegan árangur.



23. ágúst – APRS loftnet TF3IRA-1.

Diamond SX-200N loftnetið sem er nýtt fyrir APRS stöð félagsins TF3IRA-1 er á „síðustu metrunum.“ Það var sameiginleg niðurstaða nokkra stjórnarmanna á ferð í félagsaðstöðunni 23. ágúst. Netið hallar orðið og hreyfist til hægri og vinstri þegar vindurinn blæs.



„200“ loftnetið var upphaflega sett upp 29. september 2018 og notaðist þá fyrir VHF/UHF stöð TF3IRA. Það þjónaði okkur vel uns sett var upp nýtt Diamond X-700HN VHF/UHF loftnet fyrir stöðina 16. ágúst 2020. Eftir uppsetningu stóra „700“ netsins 2020 var það minna tengt til APRS nota fyrir TF3IRA-1.

Loftnetið verður endurnýjað við fyrsta tækifæri. Á myndinni er „200“ netið lengst til vinstri.

26. ágúst – Hluti af sögu RÚV.

Eftirfarandi póstur barst frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS 26. ágúst:

Ég sendi á ykkur hér slóð á vefbækling sem Markús f.v. útvarpstjóri hefur tekið saman. Mér finnst þetta vera vel gert og fróðlegt hjá honum. Þarna kemur ýmislegt fram sem ekki var opinbert á þeim tíma sem hann skrifar um. Þetta eru rúmar 100 blaðsíður



TÍMAFLAKK
með Markúsi

og of stórt til að senda það í tölvupósti. Slóðin er:

<https://tinyurl.com/timaflakk-ruv>

Annað: Það er í vinnslu stækkun sýningasvæði Skógasafns. Ef og þegar það verður tilbúið er hægt að koma fyrir öllum þeim útvarpstækjum sem við erum búnir að safna sem eru núna á 39 vörubrettum ásamt nokkrum tug tækja sem nú þegar eru í geymslunni austur í Skógunum.

Þakkir til Sigga fyrir upplýsingar um þetta áhugaverða efni.

26. ágúst – Límniðar með félagsmerki ÍRA.

Límniðar með félagsmerki ÍRA hafa verið settir í framleiðslu. Annars vegar er límniðar með félagsmerkinu til límingar innan á bílrúðu og hins vegar til límingar utaná. Stærð: hæð 11,5 cm; breidd 6 cm.

Límniðarnir með félagsmerkinu verða til afgreiðslu frá og með 23. október.



26. ágúst – Fimm nýjar DXCC viðurkenningar.

Fimm nýjar DXCC viðurkenningar félagsstöðvarinnar TF3IRA á 80 m., 40 m., 20 m., 15 m. og 10 m. hafa verið settar í ramma og verður komið fyrir í fjarskiptaherbergi félagsins.



Félagið á nú alls 9 DXCC viðurkenningar, þ.e. fyrir átta félagið 4 viðurkenningar á MIXED, CW, PHONE og DIGITAL. Hugmyndin er, að WAS viðurkenningarnar verði fluttar og nýju fimm DXCC skjölin komi á vegginn í þeirra stað.

28. ágúst – Viðtæki yfir netið.

Það er vaskur hópur félagsmanna sem stendur að baki uppsetningu og annast rekstur og viðhald viðtækja yfir netið. Þeir leggja metnað í að halda þeim gangandi – svo ekki sé talað um tíma og fjármuni. Þetta eru Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (Reykjavík), Georg Kulp TF3GZ (Reykjavík), Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði), Karl Georg Karlsson TF3CZ (Stokkseyri) og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD (Sauðárkróki).



Á heimasíðu ÍRA eru tenglar yfir á viðtækin yfir netið. Um er að ræða:

Perluna í Öskjuhlíð (VHF), vefslóð:

<http://sdr.ekkert.org/#freq=145650000,mod=nfm,sql=-150>

Sauðárkrók, vefslóð: <http://krokur.utvarp.com/>

Elliðavatn í Reykjavík, vefslóð: <http://kop.utvarp.com/>

Örlygshöfn við Patreksfjörð, vefslóð:

<http://pat2.utvarp.com:8080/>

Reykjavík (VHF), vefslóð: <http://vhf.utvarp.com/>

ÍRA metur þetta framlag mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna verkefninu sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbylgna.

28. ágúst – Endurvarpinn TF3DMR QRV.


Nýr DMR endurvarpi ÍRA, TF3DMR varð QRV frá Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:45. QRG: 439.850 MHz (RX) og 434.850 MHz (TX); -5 MHz. Hann tengist í gegnum “Brandmeister“. Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð:

<https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

Félagið þakkar Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola DR 3000 Digital Mobile Radio UHF endurvarpa frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Erik útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti) fyrir tíðnir TF3DMR.



Pier Albert Kaspersma, Jón Atli Magnússon TF2AC og Einar Sandoz TF3ES í fjarskiptaherbergi TF3IRA að undirbúa tengingu TF3DMR.



Pier Albert Kaspersma TF1PA og Jón Atli Magnússon TF2AC undirbúa kapla fyrir TF3DMR.



TF3DMR gangsettur og menn lykka DMR handstöðvar: Jón Atli Magnússon TF2AC, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (bak í myndavél), Einar Sandoz TF3ES og Pier Albert Kaspersma TF1PA.

Sérstakar þakkir fá eftirfarandi félagsmenn sem komið hafa að því að gera nýja endurvarpann virkan:

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.
Ársæll Óskarsson, TF3AO.
Einar Sandoz, TF3ES.
Georg Kulp, TF3GZ.
Jón Atli Magnússon, TF2AC.
Pier Albert Kaspersma, TF1PA.



Hamingjuóskir til félagsmanna með DMR endurvarpann.

DMR handstöð TF1PA kom strax inn eftir að kveikt hafði verið á TF3DMR.

28. – Opið var í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst.



Mathías Hagvaag TF3MH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Gengið var frá málum til undirbúnings þess að gera TF3DMR QRV og var nýi endurvarpinn settur í loftið kl. 20:45. Hann tengist í gegnum “Brandmeister”. Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð:

<https://brandmeister.network/?page=device&id=274002> Það voru þeir Jón Atli Magnússon, TF2AC; Pier Albert Kaspersma, TF1PA og Einar Sandoz, TF3ES sem voru í „aðalhlutverkum“ við tenginguna, en síðan voru við



Mathías Hagvaag TF3MH, Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Erling Guðnason TF3E, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Andrés Þórarinnsson TF1AM.

svo heppnir að Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti á staðinn og veitti góð ráð.

Góðar umræður voru við stóra fundarborðið m.a. um heimasmiðar, þ.á.m. um smíði á aflgjöfum, loftnetum (á HF), lofnetisaðlögunarrásum og dagbókarforrit, m.a. „Log4OM“ vefslóð: <https://www.log4om.com/>

Mikið var líka rætt um nýja DMR endurvarpann sem settur var í loftið þetta kvöld. Fram kom m.a. að félagið mun standa fyrir kynningu á DMR (Digital Mobile Radio), þ.e. hvaða búnað þarf til og hvernig kerfið er notað. Dagsetning verður kynnt í 4. hefti CQ TF.



Flottur árangur í tiltekt í eldhúsinu. Samt er mikil vinna eftir.

Sérstakar þakkir til TF1A, TF1PA, TF2AC og TF3ES fyrir að koma DMR verkefninu í höfn. Ennfremur þakkir til TF3ID og TF3JB sem byrjuðu að laga til í eldhúsinu í Skeljanesi. Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og vinarbrauðslengjuna frá Björnsbakarí.

Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

29. ágúst – Mannabreytingar hjá Fjarskiptastofu.

Hörður R. Harðarson, sérfræðingur tíðnimála og fjarskiptainnviða hjá Fjarskiptastofu vann sinn síðasta síðasta vinnudag þann 29. ágúst. Þann dag fór hann á eftirlaun.



Frá samráðsfundi ÍRA og Fjarskiptastofu. Hörður R. Harðarson sérfræðingur, Þorleifur Jónasson sviðsstjóri, Kristján Benediktsson TF3KB, Jónas Bjarnason TF3JB, Ole Garpestad, LA2RR, Hans Blondeel Timmerma, PB2T, Sæmundur E. Þorsteinsson og Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur sem tekur við samskiptunum við ÍRA og Fjarskiptastofu 1.9.2025 er lengst til hægri á myndinni.

Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA og tengiliður félagsins og stofnunarinnar, þakkaði Herði persónulega fyrir hönd félagsins fyrir frábær samskipti í gegnum árin. Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur í uppbyggingu og virkni fjarskiptaneta og fjarskiptainnið, mun taka við málaflokknum fyrir hönd stofnunarinnar. Við bjóðum hann velkominn til starfa.

15. sept. – Námskeið ÍRA til amatörprófs sett í Háskólanum í Reykjavík.

Námskeið ÍRA til amatörprófs var sett í Háskólanum í Reykjavík, mánudaginn 15. september. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA setti námskeiðið kl. 18:30 í stofu M117. Af 26 skráðum skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir.



Andrés Þórarinnsson TF1AM, varaformaður ÍRA setur námskeið félagsins 15. september í Háskólanum í Reykjavík. Ljósmynd: TF3GZ.

Að þessu sinni var ákveðið að bjóða ekki upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu hafa notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbandsupptökum frá námskeiðinu 2023 – samhliða því að bjóða upp á öll námsgögn.

Að þessu sinni nýta a.m.k. fimm aðilar þennan möguleika, m.a. á Egilsstöðum, Seyðisfirði og í Reykjanesbæ. Að þessum aðilum viðbættum, gætum við því átt von á allt að 31 aðila í próf Fjarskiptastofu sem haldið verður 1. nóvember í HR. Þakkir Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir.



Mynd úr kennslustofu 15. janúar í Háskólanum í Reykjavík. Ljósmynd: TF3GZ.

18. sept. – Vel heppnað erindi TF1OL í Skeljanesi. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, var með fimmtudags-erindið 18. september 2025.

Þannig var Ólafur kynntur: „Sá mikli heimshorna-flakkari, Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, kemur til okkar n.k. fimmtudagskvöld og segir frá ferðum sínum um Evrópu á sínum ágæta fjarskiptabíl, Ford Ecoline. Þau hjónin hafa flakkað vítt og breytt í sumar og Ólafur hefur farið í loftið á hinum ólíklegustu stöðum“.

Ólafur flutti ágætis erindi stutt fjölda mynda. Hann hefur s.l. sumar farið um A-Evrópu og svo upp til norðurs og gegnum Eystrasaltslöndin, og áfram upp Norðurlöndin og svo gert stopp í Færeyjum áður en þau hjón komu heim hér um daginn.

Allan tímann voru fjarskipti gegnum FT8 og FT4 beint úr bílnum og loftnetið var lóðrétt stöng sem reist var upp á þaki bílsins. Samböndin skiptu hundruðum.

Gerður var góður rómur að erindi Ólafs. Á eftir var farið út að skoða bílinn. Georg Kulp, TF3GZ, kom með sterk ljós svo hægt var að skoða bílinn í myrkrinu sem komið var. Alls komu liðlega 20 félagar á fundinn og hlýddu á erindið, þáðu veitingar og notuðu tímann til að spjalla saman.

Upptaka af erindi TF1OL, vefslóð:

<https://youtu.be/NNu8NkbDRnM>





TF útileikar ÍRA 2025

Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður

TF útileikar hafa verið haldnir um verslunarmannahelgi síðan 1979. Í upphafi var markmiði þeirra lýst svo: „Tilgangur þeirra er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlega stöðva við sambönd, innanlands“.

Líkt og undanfarin þrjú sumur þá var veður frekar óhagstætt, sérstaklega suðvestanlands. Þó voru að minnsta kosti fimm þátttakendur sem notuðu færanlegar stöðvar en aðeins tveir fengu margfaldara fyrir að senda frá fleiri en einum reit. Meðaltal margfaldara var aðeins 3,25, það er næst lægsta gildi síðan 2017, sem var fyrsta árið sem margfaldarar voru reiknaðir út frá fjölda Maidenhead reita.



Mögulegt er að virkja 23 reiti alls í TF útileikunum.

Ólíkt tvennum síðustu útileikum, þá voru segulstormar ekki til vandræða og skilyrði voru góð seinni hluta helgarinnar. Síðasliðinn vetur var nokkuð talað um að færa TF útileika frá verslunarmannahelginni. Skilyrði til fjarskipta milli landshluta eru betri í dagsbirtu, sterkara D lag minnkar QRM frá erlendum

Tafla 1. Árangur þátttakenda í TF útileikunum 2025.

SÆTI	KALLMERKI	QSO FJ.	QSO PUNKTAR	MARGF.	STIG ALLS	MEÐALFJARLÆGD, KM
1.	TF3EK	22	8487	5	42.425	285
2.	TF1EM	71	10908	3	32.724	53
3.	TF4WD	33	10408	3	31.224	215
4.	TF1AM	59	7961	3	23.883	34
5.	TF8KY	30	5962	4	23.848	98
6.	TF3IRA	39	6118	3	18.354	56
7.	TF3DC	38	5315	3	15.945	39
8.	TF3E	28	4271	3	12.813	52
9.	TF1FT	9	3476	3	10.428	286
10.	TF1PA	17	2411	3	7.233	41
11.	TF3HR	15	1852	3	5.556	23
12.	TF3VE	17	1851	3	5.553	8

Tafla 2. Yfirlit yfir virkni í TF útileikum ÍRA á tímabilinu 2017–2025.

Ár	Fjöldi dagbóka	Færslur í dagbókum	Meðal margfaldari
2017	12	122	3,23
2018	10	125	3,53
2019	11	130	3,58
2020	14	302	4,33
2021	13	233	3,69
2022	15	578	3,40
2023	15	804	3,40
2024	11	782	3,82
2025	12	379	3,25

stöðvum og sterkari F lög endurkasta betur bylgjum sem eru nærri því að vera lóðréttar. Það má því búast við betri skilyrðum á HF fyrr á sumrinu, t.d. seinni partinn í júní.

Reglur breyttust lítilega frá því sem áður var, í tengslum við að nú var notaður hugbúnaður sem TF8KY hefur próað fyrir VHF leika, til að skila dagbókum. Nú voru aðeins reiknuð stig fyrir staðfest sambönd og í stað þess að skiptast á tíðni í kHz, þá var valið band. Það er til skoðunar að halda áfram að próa hugbúnað fyrir leikana, m.a. til að auðvelda notkun farsíma og gefa betri yfirsýni yfir virkni á öllum böndum.

Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY fyrir að útbúa leikjavefinn fyrir TF útileikana 2025.

Þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna,

*Einar Kjartansson, TF3EK
Umsjónarmaður*

Svipmyndir úr TF útileikunum 2025

TF1FT er hér staddur á Melrakkaslétu milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Hann notaði eins bands net á 80 og 160 m, en Yaesu ATAS 120A á 40 m og Yaesu FT-710 sendi-/móttökustöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF1FT



Loftnet TF8KY komið í fulla hæð. Ljósmynd: TF8KY.



Fæðingin á stangarneti TF8KY. Mynd: TF8KY.



TF3E notaði Diamond RHM-12 HF/VHF/UHF billofnet og Yaesu FT-991A sendi-/móttökustöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF3E.



TF1EM notaði DX Commander stangarlofnet frá heimastöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF1EM



TF3EK á austanverðum
Breiðamerkursandi.
Ljósmynd TF3EK.

Meðfylgjandi eru skemmtilegar myndir af
búnaði Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR í
útileikunum en hann var /P og QRV úr
Fossvogi í Reykjavík.
Hrafnkell notaði heimasníðaðan
hljóðnema í útileikunum sem kom vel út.



CW/SSB QRP stöð frá QRP LABS með ZM-2 ATM aðlögunarrás
frá EMTEC. Einnig á mynd eru GSM sími og mörspöllur (rauðar
á lit). Ljósmynd: TF3HR.



Loftnet TF3HR í útileikunum var útdraganleg glertréffastöng sem strengt var á "V-á-hvolfi". Á myndinni er Hrafnkell búinn að færa
loftnetið niður í fjöru í Fossvoginum.



Sumarleikar 2025

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður



Sumarleikar voru haldnir í annað sinn með þessu nafni. Aftur var ákveðið að hafa 10 metra bandið með og þá voru stunduð fjarskipti á 23 cm, 70 cm, 2 m, 4 m, 6 m og 10 m böndunum auk endurvarpa. Sumarleikar eru að venju með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu, læra á bylgjuútbreiðslu innanlands og gera tilraunir með búnað. Hugmyndin er einkum að örva virkni, reyna búnaðinn okkar og sérstaklega til að hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma. Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með því að flytja sig á milli staða. Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og ferðavögnum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótórhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum.

Handstöðvaflokkur. Í fyrsta skipti var prófað að hafa sérstakan flokk fyrir handstöðvar. Þeir sem vilja skrá sig í handstöðvaflokk gera það í leikjavefnum og þá eru böndin 70 cm, 2 m og endurvarpar í boði. Hugmyndin er þetta sé flokkur þar sem búnaður er svipaður hjá þátttakendum en tækifærin felast í útsjónarsemi og þrautseigju. Þátttakendur í handstöðvaflokki taka sambönd við hvaða stöð sem er en sérstaklega er haldið utanum sæti í handstöðvaflokki.


Yfirlit. Leikarnir fóru fram helgina 4.–6. júlí. Þátttaka var ágæt; alls voru 17 þátttakendur. Það eru heldur færri en tóku þátt 2024 en þá voru 24. QSO voru alls 568 í gagnagrunni (737 í fyrra) og heildarvegalengd var alls 32.255 km. Það er áhugavert því þó þátttakendur hafi verið færri en í fyrra og sam-

böndin einnig þá var heildar vegalengdin í fyrra 25.823 km. Virkni í leikunum var góð og dreifing stöðva um landið greinilega ágæt. Veður var gott, sól og blíða víða um land. Ef tekin eru úr gagnagrunni sambönd á milli mismunandi 6 stafa reita á mismunandi böndum sem hafa vegalengdina lengri en 80 km (utan endurvarpa), þá fáum við 54 pör reita.

Undanfarnir leikar gefa eftirfarandi tölur:

Sumarleikar 2025	54 pör
Vorleikar 2025	138 pör
Sumarleikar 2024	29 pör
Páskaleikar 2024	36 pör
VHF/UHF leikar 2023	80 pör
Páskaleikar 2023	50 pör
VHF/UHF leikar 2022	50 pör
Páskaleikar 2022	21 par

Leikarnir fóru fram á áðurtöldum böndum og allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftast en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda sömu stöðvar á sama bandi til að fá punkta. Blásið var til leiks kl. 18:00 föstudaginn 4. júlí og stóðu leikarnir yfir til kl. 18 sunnudaginn 6. júlí. Þessi tímasetning var fyrst prófuð 2020 og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði framvegis hafður á í leikunum. Eins og venjulega var „on-line“ leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skráð sig til leiks. Vefurinn var endurbættur, bætt við handstöðvaflokki ásamt nokkrum minniháttar breytingum. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir. Umsjónarmaður kynnti leikana á heimasíðu ÍRA



Reitir sem voru virkjaðir í Sumarleikum 2025

og Facebook síðum. Allar upplýsingar komu einnig fram á netinu, s.s. um leikjavefinn, um reitakerfið, auk snjallsímaforritsins „QTH Locator”.

Verðlaunasæti	Stig
1.sæti 2025 Andrés Þórarinnsson, TF1AM	150.576
2. sæti 2025 Georg Kulp, TF3GZ	94.472
3. sæti 2025 Pier Albert Kaspersma, TF1PA	52.234

Flest sambönd	QSO
1. sæti 2025 Pier Albert Kaspersma, TF1PA	149
2. sæti 2025 Sigmundur Karlsson, TF3VE	148
3. sæti 2025 Georg Kulp, TF3GZ	146

Verðlaunasæti - Handstöðvaflokkur	Stig
1.sæti 2025 Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	24.041
2. sæti 2025 Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH	3.904
3. sæti 2025 Hrafnkell Eiríksson, TF3HR	1.507

Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum		
23 cm (1240 MHz)	TF1AM & TF1EM	10 km
70 cm (430 MHz)	TF1AM & TF3GZ	212 km
2 m (144 MHz)	TF1AM & TF1JI	216 km
4 m (70 MHz)	TF3GZ & TF3VE & TF1PA	25 km
6 m (50 MHz)	TF3GZ & TF1EM	115 km
10 m (28 MHz)	TF3GZ & TF1EM	115 km
EV (endurvarpar)	TF1AM & TF1JI	315 km



TF1AM varð í 1. sæti Sumarleika 2025. Andrés hafði 150.576 stig í leikunum.

Lokastig Sumarleika 2025

	Kallmerki	Nafn	Hrá stig	Margf.	Stig
1	TF1AM	Andrés	3137	48	150576
2	TF3GZ	Georg	1928	49	94472
3	TF1PA	Pier	1066	49	52234
4	TF3VE	SIMMI	1040	29	30160
5	TF8KY	Keli	829	29	24041
6	TF1EM	Eiður	767	25	19175
7	TF2AC	Jón Atli	605	25	15125
8	TF8TY	Bjösssi	624	20	12480
9	TF3IRA	Sjak	375	24	9000
10	TF1JI	Jón Ingvar	960	8	7680
11	TF4WD	Kiddi	408	13	5304
12	TF1FT	Finnur	254	17	4318
13	TF3EK	Einar	256	16	4096
14	TF3OH	Óskar	244	16	3904
15	TF3HR	Hrafnkell	137	11	1507
16	TF5NN	Gunnar	46	8	368
17	TF2MSN	Óðinn	48	2	96



TF3GZ varð í 2. sæti Sumarleika 2025. Georg hafði 94.472 stig.



TF1PA varð í 3. sæti Sumarleika 2025. Pier hafði 52.234 stig



TF8KY varð í 1. sæti í handstöðvaflokki. Keli hafði 24.041 stig.



TF8KY staddur á Vogastapa, tók þátt í handstöðvaflokki



TF3HR að raða inn samböndum af reiðhjólínu.



TF3OH gengur vel með handstöðinni.

Umsjónamaður Sumarleikanna 2025 þakkar öllum þátttökuna og þakkar ÍRA fyrir stuðninginn.

73 de TF8KY

TF3DX/M hafði QSO við Japan.

Þann 15. nóvember árið 2009 hafði Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX samband við Toshihiro Aota, JA7FUJ á morsi á 160 metrum. Vilhjálmur var í Reykjavík en Toshihiro í Soma borg í Fukushima. Fjarlægð er 8.712 km í beinni lofðlínu. Eftir því sem best er vitað er þetta fyrsta og eina sambandið sem radióamatör hefur haft á 160 m úr bílstöð á Íslandi til Japans. Hér á eftir fylgir skemmtileg frásögn Vilhjálms skrifuð 18.11.2009.

Góðir félagar! Veit einhver til þess að haft hafi verið 160 m QSO við Japan héðan úr bíl, eða annað álíka langt? Undanfarið hef ég loks verið að klára breytingu á billoftnetinu mínu og smíða til þess gerðan „tjúner“. Ekki síst til að geta hlustað úr bílnum á 160 m á stöðum þar sem suðið er minna en víðast í Reykjavík og heima hjá mér. Ekki seinna vænna að ná í skottið á þessu einstaka sólblettalágmarki, sem kannski kemur aðeins einu sinni á virkri æfi amatörs.

Ég keyrði út að Gróttu í kvöld til að prófa, og kallaði CQ DX á 1823 kHz CW. Eftir nokkur skipti svaraði JA7FUJ með vel læsilegt merki, ég gaf honum 569 og fékk 559 til baka. Ég sagði honum að ég væri með 100 W og „whip ant“, sem hann kvittaði fyrir. Á eftir kallaði UA9FGR í „Asiatic Russia“, annan DX utan Evrópu hafði ég ekki.

Eftir þetta hlustaði ég eftir Japönnum sem Evrópa var að hafa samband við, til að fá hugmynd um skilyrðin. Þau voru ekki sérlega góð, aðeins 2 voru með svo góð merki að ég las þá auðveldlega. Aðrir voru misilla læsilegir og marga heyrði ég bara alls ekki þó þeir fengu gott RST í Evrópu. Þegar TF4M kom á bandið kl. 21:30 tók hann 4 QSO, að ég held, við Japan. Ég heyrði engan þeirra. Þó suðið væri nógu daufara þarna úti á nesi en inni í bænum til að gera



Bifreið TF3DX sem sambandið var haft úr.


gæfumuninn fyrir notagildi bandsins, var það samt nóg til að kæfa veik merki.

Loftnetið er sett saman með „byssustingstengi“ svo það er lítið mál að skipta á styttri topp fyrir umferðina, og/eða taka út spóluna. Á 160 m fæ ég út 2,1 – 2,4 A RF eftir því hvaða samsetningu ég nota í stönginni. 73, Villi TF3DX

P.s. Það er komin staðfesting á tölvupósti, sem ég set hér með, m.a. vegna þess að þýðingin er nokkur gestaþraut sem ég gæti þegið hjálp með! En ég held að það yrði lítið úr okkur ef við þyrftum að spreyta okkur á Japönsku.

“Hello. Thank you for QSO for today. I was able to hear your signal surely, and to confirm it. None of JA seems to have been calling though CQ was put out after of me. I was surprised with mobile of 100W. Moreover, I thought pedeshon of the island with/M because I was. Please send right or wrong of the photograph because my mail address is OK. JA7FUJ.”

73, Villi TF3DX.



QMX frá QRP Labs

– tækni, smíði og notkun

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR

Inngangur

Áhugi minn á amdatörradíói á sér rætur aftur til háskóla-ára minna þegar ég var að læra rafmagnsverkfræði á árunum 1995–1999. Þá sótti ég m.a. námskeið í hátíðni rafeindatækni hjá Vilhjálm Kjartanssyni, TF3DX. Í einu af námskeiðum hans var lagt fyrir radiótengt hönnunarverkefni. Ég valdi að hanna og smíða lágsláttar (*e. direct conversion*) viðtæki fyrir 20 metra bandið. Þetta var þó áður en ég varð radióamatör. Ég hannaði einfalt viðtæki kringum SA612 blandarann (*e. mixer*) og LM386 magnarann og smíðaði sveifluvaka fyrir 20 m bandið með. Þetta hönnunar- og smíðaverkefni kveikti þann neista sem varð að áhuga mínum á amatør radiói og á margan hátt hefur það sem ég hef tekið mér fyrir hendur tengst þessu verkefni á einn eða annan hátt. Amatörleyfið fékk ég svo árið 1999.

Á þessum tíma var SDR tæknin að ryðja sér til rúms í amatørheiminum. Árið 2002 gaf Gerald Youngblood AC5OG (sem tók síðar upp kallmerkið K5SDR) út greinaröð sína “*A Software-Defined Radio for the Masses*”¹ í QEX tímaritinu sem lýsti hönnun og smíði sendiviðtækis byggðu á hugbúnaðarradíói (*e. Software Defined Radio, SDR*) þar sem tölvutækni og stafræn merkjavinnsla er notuð til að afmóta merki í stað hefðbundinna hliðrænna rása. Þetta vakti hjá mér mikinn áhuga enda var með þessari tækni byggð brú milli hins hliðræna hátíðniheims radiós og tölvutækni. Í greinum AC5OG er lýst viðtæki sem byggir að hluta til á lágsláttar viðtæki, sem ég kynntist í hönnunarverkefninu hjá TF3DX. Gerald Youngblood AC5OG stofnaði svo FlexRadio og nýtti þar grunninn sem var lagður í greinaröð hans.

Í öðrum áfanga hjá TF3DX fékk ég að kynnast mjög nýtnum sendimögnurum, til dæmis *E flokks mögnurum* samkvæmt hönnunaraðferðum Nathan Sokal. Við ræddum jafnvel möguleikann á að nota þá fyrir SSB með því að aðskilja fasa og útslag og stýra hvoru fyrir sig með með örgjörva.

Ég kynnti mér líka DDS² sveifluvaka eins og AD9850 þar sem stafræn tækni er notuð til að búa til bylgjuformið og tíðni og fasi eru forritanleg. Hugmyndin fór að mótast um að kannski gæti ég útbúið



mér sendiviðtæki byggt á þessari stafrænu nálgun og nýtnu mögnurum.

En vinna, barnauppeldi og daglegt amstur vill svo flækjast fyrir og takamarka þann tíma sem menn geta helgað áhugamálum sínum. Hugmyndir mínar og áhugi á stafrænni tækni og radió lögðust eiginlega í dvala í yfir áratug.

Mörgum árum seinna, eða um 2022, rakst ég á QCX mini tækið frá QRP Labs. QCX var eins og að rekast á gamlan draum í smækkaðri og raunhæfri mynd. Þetta litla sett (*e. kit*) sameinaði margt af því sem ég hafði einhvern tíma hugsað um: Forritaður sveifluvaki, lágsláttar grunnurinn, nýttinn sendir með class E magnara, allt pakkað í litla ferðavæna stöð. Viðtækið var ekki SDR viðtæki en nýtti svipaða tæknilega nálgun þó svo að óæskilega hliðarbandinu væri núllað út með hliðrænni tækni. Tækið var líka “bara” CW tæki.

Þegar svo QMX kom loks á markað fannst mér eins og þessi draumur hefði loksins ræst að fullu. Þar sameinast SDR viðtæki, nýttinn sendir, stafrænn sveifluvaki og örgjörvastýring sem getur jafnvel búið til SSB merki – allt í einni lítilli græju sem ég gat smíðað sjálfur. Það er einmitt ástæðan fyrir því að ég ákvað að kaupa tækið og ráðast í smíðina.

Saga QRP Labs – frá QRSS til QMX

QRP Labs var stofnað af Hans Summers, G0UPL, sem hafði lengi haft áhuga á að hanna litlar, hagkvæmar rafeindalausnir fyrir radióamatöra. Fyrstu vörurnar voru einfaldar einingar, þar á meðal QRSS sendinn sem gerði áhugamönnum um dauf merki kleift að gera tilraunir með mjög hæga mótun og

¹ Greinaröðina má finna á <https://www.arrl.org/software-defined-radio> ásamt öðru áhugaverðu efni um SDR tæknina.

² DDS stendur fyrir „Direct Digital Synthesizer“ sem gæti útlagst sem „Beinn Stafrænn Gervill“

útsendingar á ódýran hátt. QRS skammstöfunin þýðir sendu hægar og QRSS þýðir sendu enn hægar! QRSS tækið frá QRP Labs var lítill radióviti sem sendi kallmerki í sífellu með mjög hægu merki.³ QRSS var stýrður af lítilli forritanlegri örtölvu (*e. microcontroller*), af þeirri gerð sem var að ryðja sér til rúms meðal áhugamanna. Þessar einingar vöktu fljótt athygli og urðu vinsælar meðal DIY-amátöra sem vildu læra, byggja og prófa. QRSS tækið sló í gegn á QRP ráðstefnu sem tengdist Hamvention í Daytona 2010⁴.

Árið 2017 átti sér síðan stað lykilatburður: RSGB (Radio Society of Great Britain) leitaði til Hans Summers og bað hann um að hanna sendiviðtæki sem sett sem ungmenni gætu sett saman á *Youngsters On The Air* (YOTA) viðburðinum það ár. Hans tók áskoruninni og safnaði saman mörgum af þeim hugmyndum og einingum sem hann hafði þróað á árunum frá 2010, og útkoman varð *QCX CW sendi-viðtækið*. Hans hafði nefnilega þróað og selt sett með forritanlegum sveifluföllum, sendum, síum, mögnurum og fleira. Glöggir lesendur sjá að þetta eru allt byggingarhlutar sendiviðtækis!

QCX varð strax bylting: Tækið bauð upp á fullbúinn, hreinan og stöðugan CW sendi/móttakara fyrir eitt band, með eiginleikum sem áður mátti helst finna í miklu dýrari græjum. QCX seldist í tugþúsundum eintaka og gerði QRP Labs að þekktu nafni um allan heim. Í kjölfarið komu bæði QCX+ og QCX-mini, sem héldu áfram að þróa hugmyndina og gerðu hana enn aðgengilegri.

Þessi grunnur lagði svo leiðina að QMX. Í því tæki má segja að einhverskonar hápunkti sé náð en það má líta á QMX sem hámark þeirrar þróunar sem hófst með QRSS sendi og kviknaði í alvöru með RSGB-verkefninu og QCX.

QRP Labs í hnotskurn

- 2010: Hans Summers byrjar að hanna og selja litlar DIY einingar, m.a. QRSS sendinn.
- 2014–2016: Fjölmörg sett, s.s. láhleypisur, forritanlegur sveiflufaki með skjá, dummy load o.s.fr.
- 2016 Hans Summers gerir QRP Labs að aðalstarfi sínu.
- 2017: *RSGB/YOTA verkefni* – Hans hannar sett fyrir ungmenni að beiðni RSGB. Útkoman er *QCX CW sendi-viðtækið*.

- 2019–2020: QCX+ og QCX-mini koma á markað. QCX+ er stærri útgáfa og QCX-mini en minni útgáfa.
- 2023: QMX kynntur – fjölbanda SDR QRP stöð með CW, SSB, stafrænum háttum (*e. digimode*) og DSP.
- Í dag: QRP Labs er eitt vinsælasta DIY-vörumerkið í QRP heiminum, með tugþúsundir notenda um allan heim.

Tæknileg uppbygging QMX

Í hjarta QMX er STM32 örgjörvi sem sér um alla stýringu og útfærir stafrænu merkjavinnsluna fyrir bæði móttöku og sendingu.

Sem sveiflufaki er notaður Si5351A, mjög stöðugur og forritanlegur sveiflufaki sem hefur lengi verið vinsæll í amatörbúnaði. Upprunalega var notaður AD9850 DDS sveiflufaki í QRP Labs búnaði. Árið 2014 hætti hann að fást, a.m.k. á viðráðanlegu verði. Það varð amatörum og QRP Labs til happs að Si5351A var kominn á markað þá. Si5351A er ekki DDS sveiflufaki heldur PLL rás með stafrænni stýringu. Stafræna stýringin leyfir að stilla hann frá 3,5 kHz og yfir 200 MHz. Hann gefur frá sér nákvæma RF burðarbylgju sem örgjörvinn notar bæði fyrir sendi og móttakara. Lykilatriði við þennan sveiflufaka er að hann getur gefið út fleiri en eitt merki samtímis, t.d. bylgjur sem eru 90° úr fasa. Þetta er lykilatriði við þá afmótunartækni (*I/Q Quadrature Sampling*) sem er notuð í SDR viðtækjum. Það að sveiflufakinn sé stafrænn og forritanlegur þýðir að auðvelt er að hliðra tíðni á honum fyrir sendingu og móttöku svo og nota hann fyrir öll bönd.

Við móttöku er notaður „þverfasa sýnatöku skynjari“ skv. hönnun Tayloe⁵ (*e. quadrature sampling detector*), sem sundurliðar merkið í I- og Q-hluta. Þetta gerir örgjörvanum kleift að framkvæma SDR-mótun og afmótun í hugbúnaði með mikilli nákvæmni.

Til að skipta milli sendingar og móttöku og til að velja síur notar QMX PIN-skiptidíóður í stað raflíða (*e. relay*). Reyndar er gamla góða 1N4007 díóðan notuð frekar en rándýrar PIN díóður!

Sendihliðin byggir á nýtnum D-flokks magnara sem hentar fyrir fjölbanda uppbyggingu. Þetta er ólíkt QCX sem var með E-flokks magnara. D-flokks magnara er hægt að hanna sem breiðbands magnara meðan E-flokks magnari er á einu bandi.

³ Á einhvern hátt voru QRSS radióvitar undanfari WSPR radióvita og útsendinga. QMX getur virkað sem WSPR radióviti.

⁴ Mikið af sögu QRP Labs má finna í kynningu Hans Summers á <https://youtu.be/kPez1Bf8hvg> svo og í greininni <https://qrp-labs.com/images/qmx/docs/fdim2023.pdf>

⁵ https://www.norcalqrp.org/files/Tayloe_mixer_x3a.pdf

Örgjörvinn sér jafnframt um samskipti við tölvu eða síma yfir USB tengi. Þar birtist tækið bæði sem **hljóðkort** (til að nota stafrænar mótanir) og sem samskipta raðtengi (e. *serial*) fyrir stýringar og stillingar (*CAT control*).

Hvað eru I og Q merki – og Tayloe skynjari?

- I og Q merki: Merki er sundurliðað í tvo hluta, *I* (í fasa (e. *In-phase*)) og *Q* (þverfasa (e. *Quadrature*)), sem eru 90° úr fasa. Þetta gerir hugbúnaði kleift að afmóta nánast hvaða merkjasnið sem er.
- Tayloe detektor: Snjöll hönnun sem „smakkar“ merkið fjórum sinnum á hverri öldu og dregur þannig út bæði I og Q. Hann er ódýr, lágsuðs og nýttinn – fullkominn í QRP stöð. Tayloe var hönnuður hjá Motorola. Hann notar ódýra og algenga rökrás til að búa til einhvern besta skynjara sem völ er á!

Si5351A – sveiflufaki QMX


- Byr til nákvæma burðarbylgju sem allt byggist á.
- Stýrður af örgjörva með I²C samskiptum.
- Getur framleitt margar tíðnir samtímis.
- Ódýr, stöðugur og orðinn „klassík“ í QRP settum.

Ólínulegur magnari og SSB í QMX – hvernig er það hægt?

- QCX og QMX nota ólínulega aflmagnara (E/D-flokks) sem eru mjög nýtir. Þetta hentar vel fyrir CW og merki þar sem ekki þarf að varðveita umlykju merkisins.
- Venjulega krefst SSB línulegs magnara, en QMX nýtir stafræna merkjavinnslu⁶ til að stjórna bæði fasa og útslagi:
 - Fasi: tíðni Si5351A er stöðugt hliðrað til að breyta fasanum.
 - Útslag: veituspennu á magnaranum er breytt til að móta styrkinn.
- Með þessu getur QMX sent SSB með ólínulegum magnara – „tölvutöfrar“ sem auka nýtni.

Smíðafærlíð

Ég ákvað að smíða QMX mini útgáfuna, sem er sérstaklega hönnuð til ferðalaga. Hún er lítil og nett, í sama kassa og QCX mini, vel skipulögð þar sem öllu er komið haganlega fyrir. Þetta felur þó í sér ákveðnar áskoranir við smíði og samsetningu. Passa þarf vel að sumir íhlutir séu nákvæmlega á réttum stað, annars smellur tækið ekki saman!



Tækið er samsett úr nokkrum prentplötum sem smellt er saman: Aðalborði, tveimur borðum fyrir notandaviðmót með skjá (LCD) og hnöppum og snúningstökkum ásamt tveimur aflgjafaborðum.

Borðin eru brotin sundur á merktum stöðum. Mikið af íhlutum í QMX eru smáihlutir (e. *surface mount* (SMD)) og koma lóðaðir á prentið. Það kemur í hlut þess sem smíðar QMX að lóða ýmsa þetta, tengi og vefja spólur og lóða á sinn stað. Þetta eru allt annaðhvort hlutir sem ekki hentar að lóða í áröðunarvélum fyrir SMD íhluti eða eru íhlutir hvers stærð er háð því fyrir hvaða bönd á að byggja QMX. Ég valdi “lágbanda” útgáfuna, þ.e. 80, 60, 40, 30 og 20 m. Einnig er hægt að fá QMX mini fyrir 20, 17, 15, 12, 11 og 10 m eða 60, 40, 30, 20, 17 og 15 m. QMX+ útgáfan er með „öllum“ böndum frá 160 — 6 m.

Það fylgja mjög ítarlegar smíðaleiðbeiningar með QMX. Snemma í þeim segir Hans: “*FOLLOW THE INSTRUCTIONS!! Don't try to be a hero.*” Ég ákvað að taka þetta til mín, smíða tækið í rólegheitum og undirbúa mig vel. Ég hafði áður smíðað QCX tækið svo ég bjó að reynslunni af því. Því ákvað ég að 3D-prenta mér ílát til að flokka íhlutina⁷. Ég vann smíðina svo í rólegheitum 30–60 mínútur á dag í um viku og fylgdi leiðbeiningum Hans í einu og öllu.




⁶ Grein e. Hans Summers um hvernig hann útfærði SSB í QMX: <https://qrp-labs.com/images/qmx/fdim/G0UPL.pdf>

⁷ Fyrir áhugasama: Ílátin koma úr safni skipulagsíláta til 3D prentunar sem nefnast Gridfinity <https://gridfinity.xyz/>



Að vefja spólurnar

Spólurnar krefjast smá þolinmæði en maður kemur sér fljótt upp takti. Vírinn er grannur og einangraður með lakki. Leiðbeiningarnar mæla með að brenna lakkið af með hitanum frá lóðboltanum í 10–15 sekúndur. Reynsla mín er sú að það er ekki alltaf áreiðanlegt – stundum er betra að skrapa lakkið af með hnífi eða sandpappír. Ég reyndi upphaflega að nota hitaðferðina til að brenna lakkið af. Fyrir margar spólurnar þurfti ég að endurhita lóðningarnar nokkrum sinnum og stilla hita lóðboltans mjög hátt til að fá lakkið til að brenna af. Þetta gekk á endanum. Trúlega verð ég duglegri að skrapa lakkið af næst!



Smá mistök!

Lóðtinið sem ég nota inniheldur flæðisefni (*e. flux*). Flæðisefnið hjálpar tininu að renna vel en situr oft eftir sem óhreini. Ég ákvað að hreinsa burt leifar þess með mjúkum tannbursta vættum í isopropyl alkóhóli. Það virkaði ágætlega.

Þegar kom að því að setja afl á tækið í fyrsta sinn ákvað ég að fylgja góðum leiðbeiningum og fór enn og aftur yfir allar lóðningar með stækkunargleri. Þegar ég skoðaði aðalborðið kom í ljós að tvo SMD íhluti vantaði – líklega hafa þeir losnað í “tannburstuninni”. Þetta voru þéttir og spóla í knýspennu sendisins. Ég pantaði nýja íhluti frá DigiKey. Þessir íhlutir eru þó svo smáir að miðaldra maður hvers sjón er að versna átti ekki séns í að lóða þá.



Sem betur fer hef ég aðgang að smásjá og finum lóðbolta fyrir SMD vinnu í vinnunni og með þeim tókst mér að koma þessum íhlutum fyrir. Vinsamlegast notið vægari aðferðir en ég við að hreinsa flæðisefnið!

Notkun QMX í útileikum ÍRA

Ég ákvað að nota QMX mini tækið mitt til að taka þátt í TF útileikum ÍRA um verslunarmannahelgina. Ég hef alltaf haldið upp á þessa leika enda hvetja þeir amatöra til að æfa sig í að nota færanlegan búnað. Ég hef ekki aðstæður heima hjá mér til að setja upp stöð svo ég starfræki amatörstöð nánast bara á ferðinni – „portable“.

QMX tækið gerir þá kröfu til þess aflgjafa sem er notaður að hann fari ekki yfir 12 V spennu (eða 9 V sé tækið smíðað fyrir það). Við amatórar eru vanir að tengja stöðvar við 13,8 V sem er algeng spenna af rafgeymum. Fyrir QMX er það of há spenna. Lausnin sem ég endaði á er að nota USB hleðslubanka sem býður upp á svokallaðan Power Delivery (PD) staðal. USB tengi gefa venjulega bara 5 V en PD staðallinn leyfir tæki og hleðslutæki/banka að semja um spennu. USB hleðslubankinn sem ég nota býður einmitt upp á að samið sé um 12 V. Til þess að fá 12V frá PD tækjum þarf svokallaðan “trigger” kapal sem hefur innbyggða rás sem pantar 12 V í stað 5 V. Þannig get ég keyrt QMX á 12 V óháð hleðslustöðu rafhlöðunnar.



Í TF útileikunum er fyrst og fremst höfð fjarskipti á SSB. Til að geta tekið þátt þurfti ég hljóðnema. Adam K6ARK hefur deilt á netinu hönnun að nettum hljóðnema og 3d prentuðu húsi. Ég smíðaði mér hann.


Loftnetið sem ég valdi að nota í útileikunum var langur vír sem ég setti upp sem V á hvolfi. Lengd vírsins var valin þannig að hún væri ekki í „resónans“ á neinu af þeim böndum sem ég hugðist nota. Þannig verður fæðiviðnámið hvorki mjög lágt né mjög hátt. Þessi gerð loftneta nefnist oft á ensku „random wire antenna“ eða vír af tilviljunarkenndri lengd. Lengdin er þó á engan hátt tilviljunarkennd þar sem passa þarf

vel að lengdin nálgist aldrei resónans. Ég fæddi það í gegnum heimasmiðað 9:1 unun til að ná fæðiviðnáminu á viðráðanlegt svið og notaði svo ZM-2 aðlögunarrás frá Emtech til að aðlaga endanlega að 50 ohma viðmámi. Loftnetsvírinn var borinn upp af 7 m Sotabeams stöng.

Sambönd í leikunum

Mér gekk ágætlega miðað við QRP afl og fékk góð „report“ frá þeim sem ég náði. Ég hafði því miður bara tíma til að taka þátt á mánudagsmorgninum. Ég náði góðu sambandi við TF8KY á Suðurnesjum og fékk sterkt „report“ („eins og að hlusta á RÚV“ sagði hann). Hins vegar gekk verr að ná í TF3IRA, stöð félagsins í Reykjavík, þrátt fyrir að hún væri nær. Hugsanleg ástæða er að bæði samböndin fóru á jarðbylgju, en leiðin til TF8KY var yfir sjó með minni deyfingu en leiðin til TF3IRA yfir gróið land. Suðumhverfi TF3IRA er líka mun lakara en hjá TF8KY. Ég náði einnig góðu sambandi við TF4WD á Sauðárkróki og heyrði í fleiri stöðvum með ágætum.

Það var mjög skemmtilegt að nota QMX í útileikunum og sýnir að það má vel taka þátt með QRP stöð. Ég hafði ekki 160 m á þeirri útgáfu af QMX sem ég smíðaði en til er útgáfa með 16 böndum, frá 160 m-6 m. Kannski það sé tækið fyrir næsta ár?



QMX í POTA

Ég hef einnig notað QMX mini til að virkja svæði sem sett hafa verið upp sem garðar/svæði.

Ég hef prófað mismunandi loftnet:


- Tvíþól í V á hvolfi með Sotabeams stöng.
- Endafæddur vír með 49:1 aðlögun.
- Lóðrétt loftnet með radial-vírum á jörðinni og stöngina sem burðarstöð.
- Það er bæði auðvelt og skemmtilegt að skipta á milli loftneta og sjá hvernig þau virka við mismunandi aðstæður.

3D prentun í amatörradíói

Eins og áður hefur komið fram 3D prentaði ég mér ílát fyrir íhluti og prentplöturnar í QMX smíðinni. Auðvitað hefði ég getað notað hvaða ílát sem er en þessi ílát lágmarka pláss sem undir þau fer þar sem þau eru hönnuð til að staflast ofan á hvort annað. Þetta er einn af mörgum skemmtilegum eiginleikum við 3D prentun. Það er svo auðvelt að útbúa sérsniðna hluti sem henta mun betur en nokkuð sem fæst „út í búð“.

Ég hef 3D prentað nokkuð af viðbótum og búnaði tengt QMX og amatörradíói almennt. Sá hljóðnemi sem algengast er að nota með QMX er í 3D prentuðu húsi. Hann er hönnun K6ARK og allar leiðbeiningar er hægt að sækja af síðu hans⁸. Algennt er að finna prentskrár fyrir 3D prentaða hluti á vefsvæðum svo sem Printables.com⁹, það á líka við um húsið fyrir K6ARK hljóðnemann.

QMX mini tækið er létt og meðfærilegt og einstaklega hentugt til að henda í bakpoka. Til að vernda það í bakpokanum svo og til að gera það auðveldara að sjá á það og eiga við stillitakkana er mjög vinsælt að prenta út hlíf sem einnig nýtist sem standur sé hún sett undir tækið¹⁰.



Fæðispenninn, 9:1 unun, sem ég útbjó mér fyrir útileikana, setti ég í 3D prentaðan kassa. Þennan kassa hannaði ég sjálfur og prentaði svo út. Ég notaði hönnunarkerfið Fusion frá Autodesk til þess að teikna í þrívídd kassann nákvæmlega eins og ég vildi hafa hann. Ég mældi upp UHF coax tengið og banana-tengin sem ég átti og hannaði nákvæm göt á kassann

⁸ <https://k6ark.com/mini-mic-build-instructions/>

⁹ <https://www.printables.com/model/320559-mini-microphone-for-qmx-trusdx-usdx-kx2-and-kx3>

¹⁰ <https://www.printables.com/model/1082205-qmx-cover-and-stand-remix>

fyrir þau. Ég gat þannig fengið nettan kassa sem passaði nákvæmlega fyrir fæðispenninn.

Niðurlag

QMX mini hefur reynst mér frábært tæki – bæði sem smíðaverkefni og í notkun. Smíðin var lærdómsrík, með sínum smá áskorunum og mistökum. Ég hef alltaf haft gaman af því að setja saman smíðasett. Þau eru frábært tækifæri til að æfa handverkið, kynnast íhlutum og skoða virknina á þeirri rás sem er verið að setja saman. Ég læri alltaf heilmikið og mæli með að sem flestir spreyti sig á smíði. QMX mini tækið er þó ekki endilega besti kostur sem fyrsta smíði vegna þess

hve þétt og sambyggt það er. QMX mini hefur sýnt sig sem fjölhæf og áreiðanleg burðarstöð, hvort sem er í útileikum eða POTA virkjunum.

Smíði og notkun QMX loka einhverskonar hring: Hugmyndir sem kviknuðu hjá mér á námsárunum í námskeiðunum og hönnunarverkefnunum hjá TF3DX, um netta heimasmiðaða stöð með örgjörvastýringu, SDR og nýtna magnara eru nú orðnar að veruleika í lítilli, handhægri græju frá QRP Labs. Hans Summers hefur unnið þrekvirki við að gera þetta tæki að veruleika og að gera úr því fyrirtæki sem dafnar.

73 de Hrafnkell, TF3HR

Endurvarpar, stafvarpar og radióvitar

FM endurvarpar, DSTAR endurvarpar, stafvarpar og radióvitar starfræktir 3. október 2025.

QRG MHz	QRG inn	Tónn inn	Staðsetning	Kallmerki	Hnit
FM ENDURVARPAR					
145,600	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Skálafell, 771 m yfir sjó	TF3RPA	HP94gf
145,625	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Vaðlaheiði, 550 m yfir sjó	TF5RPD ¹⁾	IP05xr
145,650	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	TF1RPB	HP93ex
145,700	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 669 m yfir sjó	TF1RPE	IP04cb
145,750	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Strútur, 937 m yfir sjó	TF2RPJ	HP84wl
145,775	– 0,6 MHz	88,5 Hz	Þrándarhlíðarfjall, 920 m hæð yfir sjó	TF5RPG ²⁾	IP05er
DMR ENDURVARPAR					
439,850	– 5,0 MHz		Skeljanes, Reykjavík	TF3DMR ³⁾	HP94ad
DSTAR ENDURVARPAR					
439,975	– 7,0 MHz	–	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	Hlekkur ⁴⁾	HP93ex
UHF HLEKKIR					
439,950	– 5,0 MHz	–	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	TF3RPI ⁵⁾	HP93ex
STAFVARPAR					
144,800	–	–	Búrfell, 669 m yfir sjó	TF1APA	IP04cb
144,800	–	–	Reynisfjall, 340 m yfir sjó	TF1APB	HP93lw
144,800	–	–	Landeyjar	TF1MT-1	HP93wo
144,800	–	–	Reykjavík (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	HP94ad
144,800	–	–	Reykjavík (Hraunbær)	TF3RPF	HP94cc
144,800	–	–	Vaðlaheiði	TF5APA	IP05wp
144,800	–	–	Akureyri (Kjarnaskógur)	TF5SS	IP05wp
144,800	–	–	Þorbjarnarfell, 244 m yfir sjó	TF8APA	HP83su
144,800	–	–	Úlfjótssfjall, 248 m yfir sjó	TF1SS-1	IP14ej
RADIÓVITAR					
50,457	–	–	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl
70,057	–	–	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl

1 Endurvarpinn er QRT 13.10.2025. Nýtt tæki verður sett upp með 88,5 Hz tónaðgangi.

2 Endurvarpinn var settur upp 3.10.2025.

3 Endurvarpinn tengist í gegnum "Brandmeister". Sjá upplýsingar hér: <https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

4 Endurvarpinn er QRT 13.10.2025.

5 UHF hlekkur á 439,975 MHz tengdur við TF2RPJ.

Stöðvarhúsið á Þrándarhlíðarfjalli þar sem TF5RPG er staðsettur.





ARRL DXCC Trident

Jónas Bjarnason, TF3JB.

ARRL kynnti nýja DXCC viðurkenningu í júlí 2025, „ARRL DXCC Trident Award“. Trident viðurkenningin er vandaður verðlaunaplatti sem er ágrafin málml-plata á harðviðarplötu.

Leyfishafar geta sótt um viðurkenninguna sem hafa staðfest sambönd við 100 [eða fleiri] DXCC einingar á morsi (CW), tali (Phone) og Digital (FTx, RTTY, PSK, o.fl.). Viðurkenningin er eingöngu í boði fyrir sambönd sem hafa verið staðfest á Logbook of The World (LoTW).


Staðfest sambönd þurfa að vera til staðar [á LoTW] fyrir 100 (eða fleiri) DXCC einingar á sérhverri af eftirfarandi tegundum útgeislunar:

- Á morsi (CW), tali (Phone) og Digital (FTx, RTTY, PSK, o.fl.).
- Sambönd eru gild frá 1. nóvember 1976 og síðar.
- Sambönd þurfa að vera staðfest á LoTW (ekki er hægt að nota QSL pappírskort).
- Í boði eru „uppfærsluplötur“ sem festa má á viðarplattann þegar náðst hafa staðfest sambönd [á LoTW] við 200 og 300 DXCC einingar.
- Til skýringar: Allar þrjár tegundir útgeislunar þurfa að vera staðfestar að lágmarki, þ.e. ef ein tegund er fyrir neðan tilgreindan fjölda DXCC eininga, t.d. 301 á morsi, 256 á tali og 303 á Digital er aðeins hægt að sækja um uppfærsluplötu fyrir 200 einingar.
- Nota skal eyðublaðið „DXCC Item Order Form (07/25)“, vefslóð: <https://tinyurl.com/trident-ums>
- Eyðublaðið má senda í pósti, á faxi eða í tölvupósti til: dxccadmin@arrl.org
- Utanáskrift í pósti: ARRL DXCC Desk, 225 Main Street, Newington, CT 06111 USA.



DXCC Trident Award er vandaður verðlaunaplatti úr viði með ágrafinni málmlplötu. Uppfærsluplötur eru málmlplötur með sjálflímandi borða sem eru festar við plattann. Viðurkenningarplattinn kostar 134 dollara með flutningi til Íslands. Hver uppfærsluplata kostar 15 dollara.

Vefslóð: <https://www.arrl.org/dxcc-trident-award>



Félagsmerki ÍRA

Límniðar með félagsmerkinu eru loksins aftur fáanlegir. Stærð er 11,5 cm á hæð og 6,5 cm á breidd. Hvortveggja eru fáanleg merki til límingar innaná (t.d. á bílglugga) og til límingar utaná.

Límniðarnir eru seldir 2 saman á 500 krónur. Sama verð er, hvort heldur er til innaná- eða utanálímingar.

Stjórn ÍRA.



Stærðfræðihornið

Pólar tvinntölufalla og leifar

Björgvin Viglundsson, TF3BOI

Pólar tvinntölufalla eru gagnlegir (öfugt við rauntöluföll) gefum okkur að $z = p$ sé póll $f(z)$

Við getum túlkað tvinntölufall $f(z)$ sem Taylor röð og Laurent röð saman eða með öðrum orðum, algilda Taylor röð:

$$f(z) = \sum_{n=0}^{\infty} a_n (z-p)^n + \sum_{n=0}^{\infty} b_n (z-p)^{-n} \quad n > 0$$

og n er heiltala. Ef við heildum kringum pólninn $z=p$ fáum við alla þætti 0 nema þar sem $n=-1$ þar með er b_1 fundið. Athugið að $\oint z^n dz = 0$ þegar $n \neq -1$. Þá fáum við $2\pi j b_1$, hér er b kölluð leif (*e. residue*). Til þess að finna leifina með þessum hætti verðum við að geta fundið algildu röðina fyrir $f(z)$.

Önnur leið er til. Ef póllinn sem við glímum við er einfaldur fáum við $f(z) = \sum_{n=0}^{\infty} a_n (z-p)^n + \frac{b_1}{(z-p)}$ og þar sem póllinn er einfaldur eru engin hærri neikvæð veldi en -1 á á ferðinni. Nú margföldum við

í gegnum jöfnuna með $(z-p)$ og og tökum markgildi

$$\lim_{z \rightarrow p} (z-p) f(z) = \sum_{j=0}^{\infty} a_j (z-p)^j (z-p) + b_1$$

$\sum_{j=0}^{\infty} a_j (z-p)^j (z-p)$ þegar $z \rightarrow p$ stefnir summan á núll.

Við höfum sem sagt sannað að leyfin er b og við getum fundið hana án þess að glíma við Laurent raðir.

Til að áréttu $\oint z^{-1} dz$ heildum í hring með radius 1.

Setjum $z = e^{j\theta}$ hringur $r=1$ og $dz = je^{j\theta} d\theta$ þá

fáum við $\int_0^{2\pi} \frac{je^{j\theta}}{e^{j\theta}} d\theta$ sem gefur $2\pi j$. Þannig að heildið

kringum pólninn verður $2\pi j b_1$ ef við förum öfugan hring þá fáum við auðvitað neikvætt gildi. Athugið að $\int_0^{2\pi} z^n dz = 0$ ef $n \neq -1$, það er góð æfing að sanna þetta.

TF5NN OG ALPJÓÐLEGA GEIMSTÖÐIN.

Skemmtileg innsetning Gunnars B. Guðlaugssonar, TF5NN á Facebook síðu ÍRA 29. september.

„Ég lét loksins verða að því um helgina og keypti „cross-band“ VHF/UHF Yagi loftnet af Magnúsi, TF1MT, sem hann var með á sölu á flóamarkaði TF3OM. Þegar ég sótti það til hans



sagði hann mér að hann hafi náð að hlusta á endurvarpann í alþjóðlegu geimstöðinni með þessu loftneti. Þá varð ég auðvitað að prófa líka! Ég kynnti mér hvenær stöðin kæmi næst yfir Ísland og ákvað að láta á það reyna. Viti



menn – þetta gekk miklu betur en ég hefði nokkurn tíma trúað.

Á sunnudaginn [28. september] skellti ég mér svo upp á Reynisfjall til að prófa hvort ég næði þaðan á Bláfjalla endurvarpann. Ég hafði áður reynt það með venjulegu handstöðvarloftneti; þá náði ég að opna hann en ekki að gera mig skiljanlegan. En með Yagi-loftnetinu náði ég sambandi við Guðmund TF3AK, sem heyrði vel í mér – og móttakan á mínum enda var kristaltær.



73 de TF5NN“.



Bókahorn ÍRA

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Til umfjöllunar: Amateur Radio Station Licence Study Guide
Höfundur: Rafal Lukawiecki
EI6LA ásamt fimm meðhöfundum

Útgefandi: Irish Radio Transmitters Society (IRTS)

Útgáfuár: 2024, 4. útgáfa

Blaðsíðufjöldi: 430

Brot: 21.6 x 28 cm.


ISBN: 978-1-7392433-2-6

Verð: €44, hægt að panta á

<https://www.irts.ie/cgi/st.cgi?study>

Verð: 0€, hægt að sækja PDF á

https://www.irts.ie/downloads/IRTS_HAREC_Amateur_Station_Licence_Study_Guide.pdf



Allir leyfishafar hafa gengist undir próf til amatörleyfis. Kröfurnar sem þarf að uppfylla til þess að standast slík próf eru settar fram í HAREC sem stendur fyrir „Harmonised Amateur Radio Examination Certificate“ og gilda þessar kröfur víða um lönd, þ. á m. hér á landi og á Írlandi. Írská amatörafélagið IRTS hefur sett saman kennslubók með efni sem fullnægir HAREC kröfunum. Þessi bók er mjög aðgengileg fyrir þá sem lesa ensku sér til gagns og hentar mjög vel til notkunar á námskeiðum ÍRA til amatörprófs. Hún er bæði ætluð nemendum og kennurum, sem geta nýtt efni bókarinnar sem námsefni hver á sínu sviði.

Í bókinni er farið yfir allt efni sem er til amatörprófs hér á landi, bæði tækni og reglugerðir. Bókin hentar mjög vel fyrir tæknihlutann og þann hluta regluverksins sem er eins hér á landi og á Írlandi. Þau atriði reglugerðarinnar sem eru ekki eins þurfa kennarar að benda nemendum á. Bókin fjallar um grunnatriði radiótækni, bæði hefðbundna senda og viðtæki og tæki sem byggð eru á hugbúnaðarradíói (*e. software defined radio*). Einnig er farið yfir flutningslínur, loftnet, hliðræna og stafræna mótun, tilurð radióbylgna og útbreiðslu þeirra, rafsegulsamhæfi og hvernig komið er í veg fyrir truflanir. Öryggismál eru í fyrirrúmi, þ. á m. vernd gegn sterkum bylgjum sem þó eru ekki jónandi. Fjallað er um þá eðlisfræði og rafeindatækni sem skiptir máli fyrir amatöra, riðstraum og merki sem eru sínuslaga eða ekki, launviðnám og sýndarviðnám í rásum og hermu (meðsveiflu, *e. resonance*). Þetta er allt útskýrt með þeirri dýpt sem HAREC krefst.

Bókin er þó ekki einskorðuð við fróðleik sem þarf til þess að standast amatörpróf skv. HAREC kröfum. Mikið er af neðanmálsgreinum með alls kyns skemmtilegum fróðleik. Til dæmis má taka fróðleik um það hvernig rafstraumur streymir í leiðara á bls. 207, sem er í lauslegri þýðingu: „Áhugavert er að skoða hvernig straumur streymir í leiðara. Til dæmis er straumur í 2 mm koparleiðara sem tengdur er við 1 A jafnstraumslind þannig að rafeindirnar hreyfast mjög hægt, aðeins um 1 mm á mínútu, þetta er kallað rekhraði rafeindanna. Ástæða þess að straumur virðist fara svo miklu hraðar, eða 95% - 99% af ljóshraða er sú að þegar rafeind hreyfist, jafnvel hægt, myndar hún rafsegulbylgju sem berst eftir vírnum en hann virkar líkt og bylgjuleiðari. Þessi bylgja spanar svo straum sem hreyfir hinar rafeindirnar eftir vírnum, sem styrkir bylgjuna sem hreyfir rafeindirnar og s. frv. Þessi samverkun bylgjunnar og rafeindanna í leiðaranum hægir á útbreiðslu bylgjunnar örlítið niður fyrir hraða ljóssins. Ólíkt straumi í einum koparleiðara, hægir enn frekar á rafsegulbylgju í flutningslínu vegna áhrifa plastefnisins sem er á milli leiðaranna“.

Sá hluti bókarinnar sem er ekki tæknilegur, fjallar um tíðniskipan, hvernig tíðnisviðinu er skipt í bönd og kennir góðar aðferðir við að hafa radiósambönd á morsi, tali og stafrænum háttum. Fjallað er um löggjöf um amatör radió, hvernig kallmerki eru upp byggð, fjallað um neyðarfjarskipti, félagslega ábyrgð amatöra og siðareglur þeirra. Bókin hentar bæði þeim sem vilja læra sjálfir og þeim sem sækja námskeið.

Efni þessarar bókar ásamt viðbótum um íslenska regluverkið nægir til þess að standast amatör próf hér á landi en auðvitað er alltaf æskilegt að leita sér fróðleiks á fleiri en einum stað, þ. á m. í samtölum við aðra amatöra, á Youtube og í öðrum bókum eða blöðum.

Uptaka þessarar bókar sem viðmiðunarnámsefni til íslensks amatörprófs markar tímamót. Ekki skemmir fyrir að bókin er ókeypis á PDF formi en auðvitað er alltaf skemmtilegt að eiga prentað eintak, en harðbundna útgáfa þessarar bókar er einkar eigu- leg.



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð stjórnarfundar nr. 3 fimmtudag 17. júlí 2025 kl. 18:00 yfir netið.

Mættir: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH og TF3UA. TF1EIN boðaði forföll.

Gestur fundarins: Kristján Benediktsson, alþjóðafulltrúi ÍRA.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Varaformaður, TF1AM setti fundinn kl.18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH og TF3UA, en TF1EIN boðaði forföll. Formanni, TF3JB gekk illa að tengjast yfir netið, en náði lokst inn kl. 18:20 og tók þá við stjórn fundar. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða. TF3KB var sérstakur gestur fundarins.

2. Fundargerð 2. fundar frá 10. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða

3. Yfirlit yfir helstu innkominn/útsend erindi á milli funda.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárliðnum.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandi árs og hafa alls 168 félagar greitt félagsgjaldið og 19 eiga eftir að greiða. Staða félagssjóðs er 2.250.301 kr. Búið er að fella niður eitt gjald vegna úrsagnar úr félaginu en gjöld fimm nýrra félaga eru talin með. Eindagi innheimtu er liðinn. Stjórnarmenn samþykktu þakkir til gjaldkera fyrir góð störf.

5. Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2025/26 lögð fram til samþykktar

Varaformaður, TF1AM kynnti og fór yfir áætlunina. Gerður var góður rómur að framsetningu og efnisinnihaldi og voru stjórnarmenn sammála um að vel hafi verið staðið að verkefninu. Áætlunin var samþykkt samhljóða. Ný starfsáætlun stjórnar ÍRA verður til kynningar í næsta hefti CQ TF, 3. tölublaði 2025.

6. 100 ára afmæli IARU og 75 ára afmæli IARU Sv.-1; hátíðarfundir 23.-26. apríl 2025.

Kristján Benediktsson TF3KB alþjóðafulltrúi ÍRA var mættur á fundinn og boðinn velkominn. Á þessum tímapunkti komst formaður, TF3JB loks í samband í gegnum GSM síma Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA og tók við stjórn fundar.

Kristján hóf mál sitt á yfirferð yfir fjarfundi sem hann hefur nýlega setið fyrir hönd félagsins og hinsvegar, fundina sem hann sótti í tilefni 100 ára afmælis IARU í París 26. apríl s.l. og í tilefni 75 ára afmælis IARU Svæðis-1 23.-24. apríl – einnig í París. Hann fór yfir niðurstöður fundanna í stuttu máli – en mun skrifa sérstaka grein sem verður til birtingar í 3. tbl. CQ TF sem kemur út þann 20. júlí n.k. – ásamt ljósmyndum, sem mun skýra málið betur. Kristján kom einnig stuttlega inn á nýlegar niðurstöður ECC fyrir

23 cm bandið. Eftir fundinn sendi hann stjórnarmönnum ítarefni um það mál. Sérstakar þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir mætingu á fundinn og greinargóða skýrslu.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2025: 15. september til 28. október í HR.

Framlögð tillaga formanns, TF3JB um að ÍRA bjóði upp á námskeið til amatörprófs frá 15. september til 28. október í Háskólanum í Reykjavík var samþykkt samhljóða.

Gangi dagsetningar eftir, mun félagið fara þess á leit við Fjarskiptastofu að stofnunin haldi próf til amatörleyfis laugardag 1. nóvember í HR. Fyrirkomulag yrði í takt við það sem boðið var í fyrra (2024). Þannig er gert ráð fyrir staðarnámi eingöngu, þ.e. að ekki verði boðið upp á streymi yfir netið – en vísað þess í stað á upptökur á heimasíðu ÍRA frá haustinu 2023. Alls hafa 19 aðilar tilkynnt um áhuga á að sitja námskeið félagsins í haust.

8. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2025; október-desember.

Á fræðsludagskrá ÍRA vorið 2025 voru alls 10 tilgreind erindi í boði, sem og flóamarkaður og frábært erindi Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL sem bættist við auglýst „prógramm“ sem kynnt var í 1. tbl. CQ TF við upphaf starfsársins – sem og 6 fimmtudagsopnanir þar sem í boði var opin málaskrá. Á fjórða hundrað félagsmenn og gestir sóttu þessa viðburði.

Varaformaður, TF1AM fór yfir hugmyndir að nýrri fræðsludagskrá ÍRA fyrir haustið, þ.e. í október-desember sem kynnt verður í 4. tbl. CQ TF sem kemur út 19. október. Mikilvægt sé að halda þessu verkefni gangandi áfram og að menn verði jákvæðir ef leitað yrði til þeirra um að halda erindi eða viðburð. Fræðsludagskrá um helgar sem stundum hefur verið í boði, verður ekki í haust. Miðað er við að erindi verði í boði annan hvern fimmtudag. Stjórnarmenn þökkðu Andrési góð störf að þessu mikilvæga verkefni.

9. Félagsritið CQ TF.

a. CQ TF 2. tbl. 2025 kom út 27. apríl á heimasíðu félagsins.

Blaðið er alls 48 blaðsíður að stærð. Meðal efnis, auk ávarpsgreina frá ritstjóra og formanni, er mikið af fróðlegu efni. Fram kom hjá Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA, ritstjóra að viðtökur félagsmanna hafi verið afbragðsgóðar.

b. Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2025 er væntanlegt 20. júlí n.k.

Nýtt hefti félagsblaðsins CQ TF, 3. tbl. 2025 er væntanlegt 20. júlí n.k. Formaður, TF3JB fór yfir útgáfu þess og kynnti það efni sem verður í blaðinu. Stjórnarmenn voru mjög ánægðir með blaðið sem kom út 27. apríl og voru ekki síður spenntir að heyra um margt áhugavert efni sem verður í nýja blaðinu. Stærð blaðsins verður að öllum líkindum yfir 60 blaðsíður og er vinnsla þess langt komin

hjá ritnefnd. Stjórnarmenn þökkðu ritnefnd CQ TF góð störf.

10. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. TF3WARD – Þátttaka á Alþjóðadag radióamatöra 18. apríl (TF3UA).

b. TF3IRA – Þátttaka í Vorleikum ÍRA; 2.-4. maí (TF3UA).

c. TF3W – Þátttaka í WW WPX CW keppninni; 24.-25. maí (TF3UT).

(a) Alþjóðadagur radióamatöra var 18. apríl. Þann dag áttu IARU, alþjóðasamtök landsfélaga radióamatöra 100 ára afmæli en samtökin voru stofnuð í París árið 1925 þegar saman komu í Sorbonne háskóla u.þ.b. 250 fulltrúar frá 23 þjóðlöndum. Aðildarfélög IARU eru í dag um 180 talsins og fjöldi leyfishafa er yfir 4 milljónir um allan heim.

ÍRA hélt upp á daginn með því að virkja félagsstöðina í Skeljanesi og var kallmerkið TF3WARD sett í loftið. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“. Með árlegri virkjun þessa kallmerkis (frá 2020) höfum við fetað í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar) sem starfrækja sérstök kallmerki með hliðstæðum viðskeytum til að halda upp á stofndag IARU. Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja TF3WARD á afmælisdaginn á CW og SSB og hafa sambönd um allan heim. Skilyrði voru hins vegar ekkert sérstök, en þó betri eftir því sem leið á daginn.

(b) Vorleikar ÍRA 2025 voru haldnir 2.-4. maí. Mikil ánægja ríkti með viðburðinn meðal félaganna þar sem alls voru 26 kallmerki skráð en skilað var inn gögnum fyrir 24 kallmerki. Georg Kulp, TF3GZ varð sigurvegari Vorleika ÍRA 2025. Vel útbúinn bifreið, fjöldi virkjaðra reita, þátttökutími og gott skipulag tryggði Georg 1. sætið og 254.670 heildarpunkta. Jón Atli Magnússon, TF2AC er í 2. sæti með 164.662 heildarpunkta og Andrés Þórarinnsson, TF1AM í 3. sæti með 157.760 heildarpunkta. Niðurstöðurnar kunna eitthvað að breytast eftir því sem þeir sem logguðu á pappír setja niðurstöðurnar inn á leikjavefinn. Stjórnin þakkar félagsmönnum góða þátttöku. Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja félagsstöðina TF3IRA í leikunum.

(c) Ein stærsta morskeppni ársins, CQ WW WPX var haldin helgina, 24.-25. maí. Félagsstöð ÍRA í Skeljanesi, TF3W var virkjuð í keppninni af Alex M. Senchurov, TF3UT. Niðurstöður voru ágætir miðað við skilyrði eða 2.608 QSO, 948 margfaldarar, 5615 punktar og 5.323.020 heildarpunktar. Sérstakar þakkir til Alex fyrir að virkja TF3W í keppninni.

11. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

a. VHF viðtækið yfir netið í Perunni í Öskjuhlíð QRV (24.4.).

b. TF1VHF radióvitarnir á VHF og UHF hafa verið QRV í 7 ár frá Álftanesi á Mýrum (12.5.).

c. Aðgangur félagsmanna að KiwiSDR viðtækinu á Sauðárkróki er tryggður næsta árið (31.5.).

d. Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals brátt tengdur. (1.6.).

e. Endurvarpinn TF3DMR verður tengdur haustið 2025 (28.6.).

a. VHF viðtækið yfir netið í Perunni í Öskjuhlíð.

VHF viðtækið yfir netið í Perlunni er QRV á ný. Skilaboð bárust frá Karli Georg Karlssyni, TF3CZ á Facebook 24.4.2025: „Var að koma niður af Perlunni í Öskjuhlíð rétt í þessu (24.4.2025), lagaði þar loksins SDR móttakarann <http://sdr.ekkert.org> í tæka tíð fyrir vorleika ÍRA en viðtækið hefur verið QRT um nokkurn tíma. Þetta er RX only, þannig að gáttin dreifir þeim merkjum sem það nær inn á „APRS. f Europe „server“ana“. Stjórn ÍRA þakkar Karli Georg, TF3CZ fyrir að starfrækja viðtæki yfir netið á VHF.

b. TF1VHF radióvitarnir á VHF og UHF QRV í 7 ár.

Stórvirki var unnið á vettvangi áhugamáls okkar fyrir 7 árum þegar tveir nýir radióvitar voru settir í loftið 12. maí 2018. Þeir vinna á 50.457 MHz á 6 metrum og 70.057 MHz á 4 metrum. QTH er Álftanes á Mýrum. Til hagræðis er notað sama kallmerki, TF1VHF. Merki heyrast vel í Reykjavík, um Suðurnes, austur fyrir fjall, um Snæfellsnes og um Vesturland og til útlanda þegar skilyrði eru til staðar. Mikill áhugi varð strax á vitunum bæði innanlands sem utan. Verkefnið var í raun eitthvað sem hafði verið beðið eftir lengi enda í fyrsta skipti í langa hríð sem í boði voru stöðug merki á 6 metrum og 4 metrum (allan sólarhringinn) – þegar menn gera tilraunir í þessum tíðnisviðum. Það var Ólafur B. Ólafsson, TF3ML (SK) sem annaðist uppsetningu búnaðar, fjármagnaði verkefnið og stóð straum af öllum kostnaði. Stjórn ÍRA fagnar því að vitarnir eru QRV á þessum mikilvægu tíðnisviðum.

c. Aðgangur félagsmanna að KiwiSDR viðtækinu á Sauðárkróki tryggður næsta árið.

Á stjórnarfundi nr. 4/2023 [14.9.] samþykkti stjórn ÍRA að félagssjóður greiði fyrir netkostnað vegna rekstrar viðtækja yfir netið, þ.e. 4G þjónustu fyrir KiwiSDR viðtæki yfir netið. Rekstraraðilar eru Árni Helgason, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ. Rekstrarkostnaður nemur 50 þúsund krónum á ársgrundvelli fyrir hvort viðtæki. Á stjórnarfundi nr. 2/2024 [4.4.] var m.a. rætt um stuðning félagssjóðs við rekstur á viðtækjum yfir netið. Frá því síðast var umfjöllun um málið á vettvangi stjórnar, hafði bæst við nýtt viðtæki sem er staðsett á Sauðárkróki og varð QRV 2. febrúar 2024. Í umræðum um að veita einnig stuðning við rekstur þess viðtæks, var fallið frá því en þess í stað samþykkt að árlegur stuðningur félagssjóðs gæti verið 100 þúsund krónur, að hámarki.

Það gerðist síðan óvænt skömmu eftir þann fund að NN kom að máli við formann, TF3JB og afhenti 50 þúsund krónur í reiðufé í umslagi til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði til félagsmanna með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Undirritaður kom peningunum þegar til Georgs Kulp, TF3GZ og hafa félagsmenn geta notið hlustunar á viðtækið á Króknum síðan.

Nú er liðið ár og viti menn, NN hafði samband í lok maímánaðar 2025 og mætti síðan til formanns, TF3JB með 50 þúsund krónur í reiðufé 30. maí til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Undirritaður lét Georg Kulp, TF3GZ þegar vita og fékk hann peningana afhenda skömmu síðar. Þetta eru góðar fréttir og alltaf ánægjulegt að

þegar menn standa við gefin loforð. Stjórn ÍRA samþykkti sérstakar þakkir til NN.

d. Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði.

Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði er væntanlegur í loftið í sumar. Benedikt Guðnason, TF3TNT sagði að gerð hafi verið tilraun að tengja nýjan Icom endurvarpa í fjallinu í vor en þá kom í ljós að loftnetið á staðnum var bilað/ónýtt. Ekki reyndist unnt að koma því í lagi og er áformað að gera aðra ferð á fjallið sí sumar og endurnýja loftnetskapal og loftnetið sjálft, ef þarf. Síðast var skipt um loftnet árið 2012. Nýr búnaður TF5RPD mun vinna á sömu tíðni og áður, þ.e. 145,625 MHz og verður útbúinn með 88,5 tónaþgangi. Vaðlaheiði er í 550 m hæð yfir sjó. Stjórn ÍRA þakkar Benedikt Guðnasyni, TF3TNT fyrir dýrmætt framlag.

e. Endurvarpinn TF3DMR.

Samkvæmt upplýsingum frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A seinkar komu Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) til landsins þar til á haustmánuðum. Þess er vænst að hann muni þá tengja DMR UHF Motorola DR 3000 endurvarpann (TF3DMR) sem þegar hefur verið settur upp í QSL herberginu í Skeljanesi.

12. Önnur mál.

a. QO-100 diskloftnet félagsstöðvarinnar er bilað (19.4.2025).

Þann 19. apríl uppgötvaðist, að ekki var í lagi með fæðinguna á QO-100 diskloftnetinu fyrir TF3IRA, þ.e. kóaxtengi stóð „laust“ í loftið og sendihlutinn var horfinn. Haft var samband við Ara Þórólfi Jóhannesson, TF1A og honum send mynd. Hann telur líklegast að sendihlutinn hafi „víbrað“ sig lausan einhvern „veður-ofsadaginn“ en þeir hafa jú verið nokkrir undanfarnar vikur. Ari spurði strax, hvort eitthvað væri að sjá af búnaðinum í nágrenni loftnetsins í portinu. Svo var ekki. Búnaðurinn sem um ræðir var settur upp 22. ágúst fyrir tæpum tveimur árum (2023) þegar þeir Ari Þórólfiur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ tengdu sérhæft Ankaro LNB frá PE1CMO og „IceConeFeed v2“ sérhæft „Helix Feed“ frá Nolle Engineering. Menn velta því nú fyrir sér hvort hugsanlegt geti verið, að loftnetsbúnaðurinn við disknetið hafi verið skrufaður laus og hann tekinn ófrjálsri hendi – einkum vegna þess hve tengið á kóax kaplinum stendur grunsamlega óskemmt út í loftið. Það verður að teljast frekar ólíklegt, þar sem þetta er afar sérhæfður búnaður. Verkefni verður ánæstunni að panta nýjan búnað erlendis frá, þar sem ekkert af honum er fánlegt innanlands. Ari Þórólfiur Jóhannesson, TF1A ætlar að verða félaginu innan handar með það verkefni.

b. TF3IRA-1Ø QRV á ný (26.4. OG 11.5.) – TF3HR og TF3NH.

Stjórn ÍRA þakkar þeim Hrafnkeli Eiríkssyni, TF3HR og Njáli H. Hilmarssyni, TF3NH fyrir að gangsetja APRS búnað félagsins í tvígang vorið 2025.

c. Flóamarkaður ÍRA að vori (11.5.) – TF3NH, TF3PW, TF3VS og TF3ID.

Stjórn ÍRA þakkar þeim Njáli H. Hilmarssyni, TF3NH; Jóni Björnssyni, TF3PW; Vilhjálmí Í. Sigurjónssyni, TF3VS og Sveini Goða Sveinssyni,

TF3ID fyrir að halda Flóamarkað ÍRA að vori í Skeljanesi sunnudaginn 11. maí 2025.

d. TF2EQ hafði QSO við 4UØITU í Genfum QO-100 frá QTH TF1A (16.5.).

Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) fagnar 160 ára afmæli á þessu ári, 2025. Það var upphaflega stofnað 1865 sem alþjóða ritsímasambandið, en breyttist í sérstaka stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1947. Í tilefni afmælis ITU var kallmerkið 4U1ØØOQO sett í loftið á afmælisdaginn og verður það virkt á HF frá útibúi Sameinuðu þjóðanna í Austurríki út árið.

Þann 16. maí hafði Elín Sigurðardóttir, TF2EQ samband við kallmerkið 4UØITU í Genf í Sviss um gervihnöttinn QO-100 frá QTH Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A í Reykjavík. Það skemmtilega er, að á hljóðnemnum í Austurríki var önnur kona, Doreen T. Bogdan-Martin, KD2JTX aðalritari ITU. En Doreen varð fyrsta konan sem var valin til að gegna þessu æðsta embætti Alþjóðafjarskiptasambandsins og tók við embætti 1. janúar 2023. Doreen bað fyrir góðar kveður til radióamatöra á Íslandi sem hér með er komið á framfæri. Sérstakar þakkir til Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ og til Ara Þórólfs Jóhannssonar, TF1A.

e. TF3GZ mældi 160 metra loftnet TF3IRA (21.5.).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að mæta með mælitæki í Skeljanesi og gera mælingu á 160 m. loftneti TF3IRA.

f. TF3GZ hreinsaði til við húsið í Skeljanesi, fjarlægði rusl og fór með í Sorpu (1.6.).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að þrifa til fyrir utan húsið í Skeljanesi, m.a. mæta með garðverkfæri og slá blettinn fyrir utan innanginn í húsið ásamt því að slá gróðurinn niður með löngu bárujárnsgirðingunni.

g. TF2LL var heiðraður af Sjómannadagsráði fyrir ævi til sjós og aðstoð við aðra á sjómannadaginn 2025 (1.6.).

Stjórn ÍRA óskar Georg Magnússyni, TF2LL til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu.

h. Málað yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni (4.7.).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB fyrir að mála yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni gengt bílastæðunum í Skeljanesi.

13. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar ÍRA var ákveðinn 4. september n.k. kl. 18:00. Haldinn verður fjarfundur yfir netið eða að menn hittist í Skeljanesi ef aðstæður leyfa.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:00.

*Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA*



Viðurkenningar radióamatöra

Jónas Bjarnason, TF3JB.

CERTIFICATO DEL MEDITERRANEO viðurkenningarskjalið er gefið út af landsfélagi radióamatöra á Ítalíu, *Associazione Radioamatori Italiani (ARI)*. Það er í boði til leyfishafa sem hafa haft a.m.k. 1 staðfest samband við stöðvar radióamatöra með staðsetningu í a.m.k. 24 af 32 DXCC einingum (löndum) við Miðjarðarhafið.

Sambönd eru gild á öllum amatörböndum frá og með 1. maí 1945. Í boði er að auðkenna skjalið sérstaklega hafi öll sambönd verið höfð á morsi, tali eða stafrænum tegundum útgeislunar.

Á umsóknareyðublaði þarf að flokka sambönd í stafrófsröð eftir forskeytum. Ekki þarf að senda QSL kort en staðfesting á samböndunum þarf að vera í eigu umsækjanda.

Útgefandi getur óskað eftir upplýsingum um samband/sambönd sem hann telur þörf á.

Hafa þarf til hliðsjónar, að sambönd við Júgóslavíu sem voru höfð fyrir 1991 koma í stað Slóveníu, Króatíu Bosníu og Herzegovínu sem og sambönd við Svartfjallaland höfð fyrir 2006.

Viðurkenningin er annarsvegar í boði á PDF formi og hinsvegar á pappír.



Ef óskað er eftir skjali á PDF formi, skal senda umsókn á ik2qpo@ari.it eða á luciano.lucini@hotmail.com. Ef óskað er eftir skjali á pappír skal senda umsókn til viðurkenningarstjóra ARI, á heimilisfangið: Luciana Lucini, IK2QPO, Via Botticelli 30, I-20133 Milano, Italy. Skjal á PDF formi er frítt en á pappír kostar það €5.00, 8 IRC eða \$8.00.

*Með ósk um gott gengi,
73 de TF3JB.*

Vefslóð á umsóknareyðublað:

<https://www.ira.is/?s=vi%C3%B0urkenningarskjals>

Löndin við Miðjarðarhafið sem koma til greina.

3A Mónakó	3W Túnis	4O Svartfjallaland	4X Ísrael
5A Líbýa	5B Kýpur	7X Alsír	9A Króatía
9H Malta	CN Marokkó	E4 Palestína	E7 Bosnía & Herzegovína
EA Spánn	EA6 Balearic eyjar	EA0 Ceuta & Melilla	F Frakkland
I Ítalía	ISØ Sardinía	IT9 Síkiley	OD Líbanon
S5 Slóvenía	SU Egyptaland	SV Grikkland	SV5 Dodecanese
SV9 Kít	SY Mt. Athos	TA Tyrkland	TK Korsíka
YK Sýrland	ZA Albanía	ZB Gíbraltar	ZC4 Breskar herstöðvar á Kýpur



Helstu DX keppnir í okt. 2025 – jan. 2026

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu október, nóvember, desember 2025 og janúar 2026. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsiða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hvernar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar.

Vefslóð: <https://www.contestcalendar.com/weeklyco>

Dagsetning	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð
OKTÓBER 2025					
4.-5. okt.	06:00-06:00	Oceania DX Contest, Phone	SSB	160-10 m	RS + raðnúmer
4.-5. okt.	06:00-18:00	TRC DX Contest	SSB	160-10 m	RS(T)+raðnúmer
11.-12. okt.	06:00-06:00	Oceania DX Contest, CW	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
11.-12. okt.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest, SSB	SSB	80-10 m	RS + raðnúmer
18.-19. okt.	00:00-24:00	JARTS RTTY Contest	RTTY	80-10 m	RST+aldur þátttakanda
18.-19. okt.	15:00-14:59	Worked All Germany	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + raðnúmer
18.-19. okt.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160 m	RST + 4-stafa hnit tala
25.-26. okt.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, SSB	SSB	160-10 m	RS + CQ svæði
NÓVEMBER 2025					
8.-9. nóv.	00:00-23:59	WAE DX Contest, RTTY	RTTY	80-10 m	RST + raðnúmer
8.-9. nóv.	12:00-12:00	OK/OM DX Contest	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
22.-23. nóv.	12:00-12:00	LZ DX Contest	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + ITU svæði
29.-30. nóv.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest CW	CW	160-10 m	RST + CQ svæði
DESEMBER 2025					
5.-7. des.	22:00-16:00	ARRL 160 Meter Contest	CW	160 m	RST + raðnúmer
13.-14. des.	00:00-23:59	ARRL 10 Meter Contest	CW/SSB	10 m	RS(T) + raðnúmer
20. des.	00:00-24:00	OK DX RTTY Contest	RTTY	80-10 m	RST + raðnúmer
20.-21. des.	14:00-14:00	Croatian CW Contest	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
27.-28. des.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160 m	RST + 4stafa hnit tala
JANÚAR 2026					
4.-5. jan.	21:00-07:00	EUCW 160 Meter Contest	CW	160 m	RST+ nafn + NM ¹⁾
10. jan.	00:00-23:59	YB DX Contest	SSB	80-10 m	RS + raðnúmer
17.-18. jan.	12:00-12:00	Hungarian DX Contest	CW/SSB	160-10 m	RS(T) + raðnúmer
23.-25. jan.	22:00-21:59	CQ 160 Meter CW Contest	CW	160 m	RST + CQ svæði
24.-25. jan.	06:00-18:00	REF Contest	CW	80-10 m	RST + raðnúmer
31. jan.-1. feb.	13:00-13:00	UBA DX Contest	SSB	80-10 m	RS+raðnúmer

¹⁾ NM = „Non member“ ella er gefið upp félagsnúmer í EUCW (The European CW Association)

QSL kort þriggja SK OM

BOX 1080 - REYKJAVÍK
ICELAND

TF3HG

STATION	DATE	TIME	UR	MC	R	S	T	REMARKS
W3LOE	5/4	0:50	CW	14	30	4	6	8

XMT: VFO INPT: 40 WATT. QSO Nr. 10. BCVR

734 Gunnar Einarsson

ICELAND

TF3EA

Date	GMT	STATION	RST	Mc	Mode
15 APR 1966	2335	W7VBJ	5-8	14	CW 2x55B AM

Einar Pálsson
Lynghega 15
REYKJAVÍK

Pse QSL Tnx for QSO, 73

ICELAND

GTH KONGSBAKKI 3, REYKJAVÍK

TF3AW

TO RADIO	DATE	GMT	MODE	MHZ	RST
W6SO	NEV of 173	1504	CW	21	559

Tx. HH:MM:SS... Inp./Rcv. Ex. T.R.F. P.S. ... Ant. ... G.P. ...

Remarks: 6m qso gae suppy. See over

PSE QSL TNX 73 'Olafur Axelsson



FRÆÐSLUDAGSKRÁ ÍRA SEPTEMBER-DESEMBER 2025



Hrafnkell TF8KY



Einar TF3EK



Ari Þórólfur TF1A



Benedikt TF3T



Jón Atli TF2AC



Ólafur Örn TF1OL



Benedikt TF3TNT

SEPTEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
4. sept. – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
11. sept. – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
18. sept. – Fimmtudagur	Erindi	Með stöð og búnað í Evrópu sumarið 2025	Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
27. sept. – Laugardagur	Tæknidagur-1	„RigExpert“ loftnetamælar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
28. sept. – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
OKTÓBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
2. október – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
4. október – Laugardagur	Tæknidagur-2	Mælingar loftneta og mælingar á VHF/UHF handstöðvum	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
9. október – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
16. október – Fimmtudagur	Erindi	Þátttaka í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t fjarskiptaleikum	Jón Atli Magnússon, TF2AC	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
18. október – Laugardagur	Tæknidagur-3	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
23. október – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
30. október – Fimmtudagur	Erindi	Fjarskiptaleikar ÍRA sumarið 2025, afhending verðlauna	Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Einar Kjartansson TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
NÓVEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
6. nóvember – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
8. nóvember – Laugardagur	Tæknidagur-4	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
13. nóvember – Fimmtudagur	Erindi	Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri; endurbætur og keppnir	Benedikt Sveinsson, TF3T	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
20. nóvember – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
27. nóvember – Fimmtudagur	Erindi	Alls um DMR (Digital Mobile Radio)	Jón Atli Magnússon, TF2AC	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
29. nóvember – Laugardagur	Tæknidagur-5	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
DESEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
4. desember – Fimmtudagur	Erindi	Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins	Benedikt Guðnason, TF3TNT	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
6. desember – Laugardagur	Tæknidagur-6	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
11. desember – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
13. desember – Laugardagur	Tæknidagur-7	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
18. desember – Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður (síðasta opnun fyrir áramót)	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar